

Menningarminjar í Hengli og Grafningi norðan Úlfjótsvatns

Birna Gunnarsdóttir
Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands
FS032-97011

Reykjavík 1997

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
1.1 Um svæðisskráningu	5
1.2. Fyrri fornleifaathuganir við sunnanvert Þingvallavatn.....	8
2. Saga byggðar við sunnanvert Þingvallavatn.....	9
3. Helstu tegundir menningarminja.....	16
Bæjarhólar og bæjarstæði	16
Útihús og tún	17
Stekkir og kvíar	17
Beitarhús og sel	18
Engjar og áveitur	18
Myllur	18
Minjar um eldsneytisöflun	19
Minjar um veiðar	19
Leiðir	19
4. Verndun og kynning menningarminja á skráningarsvæðinu.....	20
5. Fornleifaskrá	21
Nesjar.....	21
Nesjavellir.....	24
Ölfusvatn.....	26
Hagavík	32
Krókur.....	34
Villingavatn	37
Úlfjótavatn	40
Vellir.....	48
Reykir	51
Reykjakot	53
Reykjahjáleiga	57
Kross	57
Kolviðarhóll	58
6. Heimildir.....	64

1. Inngangur

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sérílagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegum upplýsingum um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathugunir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförunum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulagan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Að tengja fornleifaskráningu við skipulagsgerð á sér stoð í þjóðminjalögum þar sem segir í 18. gr. að skylt sé 'að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess ...' Samkvæmt lögnum á Þjóðminjasafn Íslands að hafa samvinnu við skipulagsyfirvöld um fornleifaskráningu en að öðru leyti er ekki kveðið á um hvernig standa eigi að

fornleifaskráningu og reglugerð hefur ekki verið samin. Þjóðminjasafn Íslands hefur ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að sinna fornlífaskráningu og hefur raunin orðið sú á undanförunum árum að kostnaður af fornlífaskráningu er borinn af sveitarfélögum. Þó að sveitarfélögum beri ekki lagaskylda til að kosta fornlífaskráningu eru það augljóslega hagsmunir þeirra að til séu nákvæmar og aðgengilegar upplýsingar um menningarminjar á yfirráðasvæðum þeirra. Fornleifar eru auðlindir sem ekki er hægt að varðveita né hafa tekjur af nema fyrir liggja upplýsingar um staðsetningu þeirra og gerð. Samkvæmt þjóðminjalögum (21. gr.) ber þeim sem fyrir meiriháttar framkvæmdum standa skylda til að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Það eru því hagsmunir slíkra aðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skráum um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornlífaskráning sé unnin í nánú samstarfi við sveitarstjórnir og með hliðsjón af þörfum þeirra.

Í kafla 1.1 er gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði sem liggur að baki svæðisskráningu fornleifa. Hér er þó rétt að minnast stuttlega á þær skilgreiningar sem lagðar eru til grundvallar við fornlífaskráningu. Í 16. grein þjóðminjalaga eru þessi skilgreiningar:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar hafa átt að hafa búið. Dæmi um staði sem eru ekki skráðir eru eykatmörk sem eru ekki manngerð og drangar sem kallaðir eru nátttröll, en það heiti virðist oftast vera tegundargreining á náttúrumyndunum frekar en að sagnir séu um að tröll hafi dagað uppi. Þar sem slíkar sagnir eru, eru þær auðvitaðskráðar. Á hinn bóginn eru öll Grettistök skráð og er þetta vitanlega umdeilanlegt og byggir fyrst og fremst á því að fyrirsjáanlegt sé að gagn megi hafa af upplýsingunum. Annarskonar upplýsingar sem átt gætu heima í menningarsögulegum gagnagrunni eru t.d. um staðsetningu engja og bithaga, nytjaskóga og veiðistaða. Söfnun slíkra upplýsinga krefst hinsvegar annarskonar gagna og öðruvísi aðferðafræði en skráning eiginlegra fornleifa og er mun viðráðanlegri á stigi aðalskráningar.

Samkvæmt lögnum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við skráninguna er notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast seinni heimstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvellir, braggahverfi, skotgrafir o.s.fr.v) eru einnig skráðar. Þær heimildir sem stuðst er við í svæðisskráningu geyma yfirlitt mjög lítið af upplýsingum um nútímaminjar og er því ekki að vænta heildstæðs yfirlits um þær fyrir en á stigi aðalskráningar. Helst er að upplýsingar um gamlar sundlaugar komi fram við svæðisskráningu.

1.1 *Um svæðisskráningu*

Við hefðbundna fornleifaskráningu hefur fyrst og fremst verið leitast við að finna og staðsetja einstakar rústir sem sýnilegar eru á yfirborði. Ekki var reynt að grennslast fyrir um hvar fornleifar gætu leynst þó þær séu ekki sýnilegar á yfirborði, en ætla má að meginþorri minja á Íslandi sé hulinn sjónum. Til að ráða bót á þessu hefur Fornleifastofnun Íslands þróað aðferðir til að áætla staðsetningu menningarminja en það er mikilvægt bæði frá vísindalegu sjónarmiði og nauðsynlegt ef forðast á röskun minja

við framkvæmdir. Annarsvegar er um að ræða leit að vísbendingum um staðsetningu einstakra menningarminja, einkum með stuðningi gamalla túnakorta og örnefnaskráa. Hinsvegar eru óbeinar vísbendingar um byggð og búsetu en með því að fá yfirlit um hvar byggð hefur verið má gera sér allgóða hugmynd um umfang og eðli menningarminja sem þeirri byggð hafa fylgt jafnvel þó þeirra sjái ekki stað lengur.

Við upphaf svæðisskráningar fornleifa er gefið yfirlit um sögu byggðar, skilgreindar jarðir og takmörk þeirra og gert yfirlitskort yfir staði þar sem vitað er að búið hafi verið. Helstu heimildir eru jarðabækur frá ýmsum tímum, sölubréf og landamerkjalyásingar. Þá er farið skipulega yfir vísbendingar um menningarminjar á hverjum stað, þ.e. túnakort og örnefnaskrár. Að því loknu er leitað í beinum heimildum um fornleifar þ.e. eiginlegum fornleifaskýrslum.

Að gagnaöflun lokinni liggur fyrir skrá um þekktar minjar á skipulagssvæðinu og er á grundvelli hennar gert gróft minjakort. Gerð er lýsing á menningarminjum svæðisins og reynt að draga fram sérkenni þess. Síðast eru gerðar tillögur um rannsóknir, hagnýtingu og kynningu minja á svæðinu en þann verkþátt þarf að vinna í samhengi við aðrar skipulagstillögur. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem safnað er, er einnig reynt að leggja mat á ástand minjastaða og skilgreina þá hættu sem þeir kunna að vera í og síðan gerðar tillögur um úrbætur. Þar sem minjastaðir eru í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem skipulagstillögur gera ráð fyrir, er gerð sérstök úttekt og tillögur um aðgerðir.

Notagildi svæðisskráningar eru ákveðin takmörk sett og hún getur aldrei komið í staðinn fyrir vettvangsskönnun (aðalskráningu). Í fyrsta lagi takmarkast svæðisskráning við þá flokka heimilda sem eru aðgengilegastir og gefa heildstæðasta mynd af menningarminjum á viðkomandi svæði. Er þar um að ræða jarðabækur, fornleifaskýrslur, örnefnaskrár og túnakort. Aðrar heimildir eins og t.d. ævisögur eða ferðasögur, sem oft geyma nákvæmar upplýsingar um húsaskipun og staðsetningu mannvirkja á 19. öld, eru ekki rannsakaðar skipulega á stigi svæðisskráningar þar sem nákvæmni og fjöldi slíkra upplýsinga er tilviljanakenndur og erfitt að hafa upp á þeim þegar stór svæði eru könnuð. Heimildir af þessu tagi eru hinsvegar kannaðar á stigi aðalskráningar. Í öðru lagi getur svæðisskráning ekki gefið nákvæmar upplýsingar um staðsetningu allra minjastaða og í þriðja lagi er ekki hægt að segja til um ástand eða afdrif allra minjastaða á grunni svæðisskráningar. Nákvæmra upplýsinga um þessi atriði er ekki hægt að afla nema með vettvangsathugun, en á grunni svæðisskráningar má hinsvegar gefa grófa mynd af dreifingu og ástandi fornleifa á skipulagssvæðinu.

Helstu flokkar heimilda sem við er stuðst við svæðisskráningu fornleifa eru jarðabækur, landamerkjaskrár, túnakort, örnefnaskrár og fornleifaskýrslur. *Jarðabækur*. Jarðabók Árna Magnúsonar og Páls Vídalín er helsta og ítarlegasta verk sinnar tegundar og grundvallarheimildarrit um sögu byggðar á Íslandi. Jarðabókin fyrir Grafning var gerð árið 1706. Á grunni hennar, Jarðatals Johnsens frá 1847 og ritsins

Byggðir Borgarfjarðar má fá allgóða hugmynd um hvar byggð hefur verið á svæðinu. Með því að bera jarðabækurnar saman við ýmiskonar jarðaskjöl og landamerkjaskjöl fæst einnig gróf mynd af þróun byggðar, skiptingu jarða og breytingar á eignarhaldsfyrirkomulagi. Þessar heimildir geta að jafnaði ekki um einstaka minjastaði, aðra en bæjarstaði og stöku sinnum selstöður, en heildstæðar upplýsingar um dreifingu byggðar eru grundvöllur fyrir túlkun flestra annarra minja, þ.e. þeirra sem orðið hafa til í sambandi við landbúnað en það er þorri allra fornleifa. *Landamerkjaskjöl*. Allnokkrir landamerkjadómar og jarðasölubréf þar sem landamerki eru tilgreind hafa varðveist frá miðöldum og seinni öldum en skipuleg skráning landamerkja kom fyrst í kjölfar Laga um landamerki frá 1881. Samkvæmt þeim átti að skrá landamerki allra jarða í landinu og geyma þau í landamerkjabókum hjá sýslumönnum. Í Grafningi voru landamerki langflestra jarða skráð á nokkrum árum eftir 1881 og er þar um að ræða all-umfangsmikið heimildasafn. Í landamerkjaskrá er oft að finna upplýsingar um gömul mannvirki sem voru á merkjum eða miðað var við í lýsingum. Þær eru þannig beinar heimildir um fornleifar en eru einnig, eins og jarðabækurnar, mikilvægar heimildir um skiptingu eignarhalds og þar með samhengis fornleifanna hvoru megin við merkin. *Túnakort*. Á árunum 1916-21 voru gerðir uppdrættir í 1:2000 af tünnum svotil allra jarða á Íslandi. Kortin eru allmisjöfn að gerð eftir mismunandi mælingamönnum. Öll sýna þau þó mörk túnanna og longoftast er staðsetning bæjarhúsa og útihúsa innan þeirra sýnd, en yfirleitt engra utan túns. Einnig er ritað á kortin hversu stór túnin voru í hekturum, hversu stór hluti þeirra var þýfður þegar mælt var og hversu stórir matjurtagarðir voru. Öll kortin í Grafningi voru gerð árið 1918. Þau sýna rétta stærð húsa í tünunum og túngarða þar sem þeir voru. Allgott samræmi er á kortum úr Grafningi. Af túnakortum má oftast ráða hvar bæjarhóllinn hefur verið miðað við útihús. Þó að hús sem voru enn í notkun 1917-20 teljist ekki til fornleifa lögum samkvæmt þá hafa þau engu að síður nærfelt öll verið torfhús og staðið á sömu stöðum og útihús höfðu staðið um aldir. Túnakort eru því einstakar heimildir um dreifingu og afstöðu bæjarhúsa og skipulag mannvirkja innan garðs. Þau eru sérstakleg mikilvæg því fornleifar innantúns eru sá flokkur fornleifa sem hefur orðið fyrir hvað stórfeldastri eyðileggingu á þessari öld. Túnasléttun með stórvirkum vinnuvélum, plógum og jarðýtum, hefur rutt úr vegi þorra útihúsa innantúns og á rústum hinna standa yfirleitt útihús úr nútímaefnum eins og steinsteypu. *Örnefnaskrár*. Söfnun og skráning örnefna hófst á seinni hluta 19. aldar og þá fyrst og fremst í samhengi við skýringu fornrita. Það var hinsvegar ekki fyrr en eftir 1920 að skipuleg skráning allra örnefna á einstökum jörðum hófst að marki. Örnefnaskráning varð síðan eitt af aðalverkefnum Þjóðminjasafnsins og er nú í umsjá Örnefnastofnunar safnsins. Ekki eru margar gamlar örnefnaskrár úr Grafningi og voru flestar samdar á árunum 1966 - 1982. Síðan hefur verið gert nokkuð átak í að safna athugasemdum og viðbótum við eldri skrár, og er enn unnið að endurskoðun þeirra. Allmisjafnt er hversu nákvæmlega er getið um rústir í

örnefnaskrárm en sjaldgæft er að höfundar skráanna láti alveg hjá líða að minnast á mannvirkjaleifar. Þar kemur auðvitað aðallega til að margar rústir bera nöfn og eru auk þess fastir punktar í landslaginu sem hægt er að miða við í lýsingum á landinu. Örnefnasrár eru stærsta og heildstæðasta safn upplýsinga um fornminjar sem völ er á en helstu gallar þeirra eru, að það er ekki hægt að treysta því að fullt samræmi sé á milli skráa, þar sem þær eru samdar af ólíku fólki á ólíkum tímum, og höfundar þeirra eru oft of staðkunnugir þannig að lýsingar á landslagi verða illskiljanlegar þeim sem ekki þekkja til. Sjaldgæft er að fornleifum sé lýst að marki í örnefnaskrárm heldur er langoftast aðeins getið um þær í framhjáhlaupi eða til skýringar. *Fornleifaskýrslur*. Í næsta kafla er gefið yfirlit um fornleifarannsóknir á skráningarsvæðinu og má af henni fá nokkuð góða hugmynd um þær áherslur sem lagðar hafa verið við fornleifakönnun. Langmest var rannsakað af fornleifum í lok 19. aldar og hafa síðari rannsóknir að mestu leyti byggt á þeim athugunum. Áhugamál fornleifakönnuða 19. aldar snérust fyrst og fremst um fornsögur og sögu þjóðveldisins og eru því til allgóðar upplýsingar um fornminjar, sem hafa - með réttu eða röngu - verið taldar tengjast viðburðum sem lýst er í miðaldaritum. Fornleifskýrslur eru mjög misjafnlega nákvæmar, en um þær má hafa þá grófu reglu til viðmiðunar að þær verða ónákvæmari eftir því sem þær verða eldri.

Það má því segja að jarðabækur, landamerkjaskrár og skyldar heimildir gefi ramman utan um skráningu menningarminja, en þorri upplýsinga um einstaka staði kemur úr örnefnaskrárm og af túnakortum. Á svæðum þar sem aðalskráning (vettvangsathugun) hefur ekki farið fram eru fornleifaskýrslur aðeins til um örfáa staði, og yfirleitt um staði sem á einhvern hátt hafa þótt sérstakir. Mjög sjaldgæft er, að til séu nákvæmar lýsingar á minjum um landbúnaðarstörf og daglegt líf seinni alda.

Fyrri fornleifaathuganir við sunnanvert Þingvallavatn

Skráningarsvæðið sem fjallað er um í skýrslu þessari er lítið og þar eru fáar fornleifar sem vakið hafa athygli manna. Fornleifa á svæðinu er fyrst getið í lýsingu Hálfðans Jónssonar á Ölfushreppi frá 1703. Hálfðan segir frá þremur fornmannahaugum í Dráttarhlíð, þar sem talið sé að landnámsmennirnir Úlfljótur, Villingur og Ölver hafi verið grafnir "á haugaldartíð" en lýsir þeim ekki nánar. Þá getur hann Grímkelsgerðis og Grímkelsleiðis á Ölfusvatni. Hálfðan segir að á Völlum sjáist glöggar tóftir kirkjunnar sem þar var, sem og kirkjugarður og leiði. Auk þessa nefnir hann Búastein, sem getið er í Kjalnesinga sögu, og sæluhúsið við Húsmúla, sem hann segir íbúa Ölfuss hafa haldið við frá fyrstu tíð (SSÁ, 234-250).

Í skýrslum sóknarpresta um merkar fornmenjar frá 1817 er getið um stein á hlaðinu á Ölfusvatni, sem þá var talinn hafa verið notaður sem skírnarfontur, og Hofhól í túninu þar. Einnig er þar lýst þremur haugum við Sogið þar sem landnámsmennirnir Úlfljótur, Villingur og Ölver áttu að hafa verið grafnir. Preturinn á Þingvöllum nefnir

steininn á Ölfusvatni, sem sé holaður og talið að þar séu gamlir blótbollar (SSÁ, 190).

Fyrsta eiginlega fornleifakönnunin var gerð af Kristian Kálund sem ferðaðist um landið upp úr 1870 til að lýsa sögustöðum sem fjallað er um í fornsögum. Hann segir fyrstur manna frá Grímkelstöftum í túnfætinum á Króki en virðist ekki hafa skoðað þær og lýsir meintum hofleifum í túninu á Ölfusvatni auk Grímkelsgerðis, Grímkelsleiðis og blótsteinsins þar (KK I, 89-90). Í ítarlegri grein um Þingvöll frá 1881 lýsir Sigurður Vigfússon enn frekar Hofhólnum á Ölfusvatni og segir frá haugunum við Sogið sem hann taldi náttúrulega þó ekki væri útilokað að þar hefðu fornmennt verið grafnir (Sigurður Vigfússon, Rannsókn, 18-19). Í maí 1898 gerði Brynjúlfur Jónsson frá Minna Núpi, sem um árabil vann að fornleifaathugunum á vegum Hins íslenska fornleifafélags, könnun í Grafningi og skoðaði þá sömu staði og Kálund hafði fjallað um. Hann fór og skoðaði Grímkelstöftir og lýsir þeim ítarlega en einnig gerði hann ítarlega leit að Steinröðarstöðum, sem getið er í Landnámabók. Í leit sinni skoðaði Brynjúlfur allmarga minjastaði í landi Nesja og skrifaði upp allnákvæmar lýsingar á þeim (Brynjúlfur Jónsson, Rannsókn sögustaða, 1-5).

Á grunni lýsinga þeirra Kálunds og Brynjúlfs friðlýsti Matthías Þórðarson þjóðminjavörður árið 1927 sex staði á skráningarsvæðinu:

- Rústir í Vatnsbrekku í Nesjalandi
- Rústir á Setbergsbölum í Nesjalandi
- Rústir í Kleifardal í Nesjalandi
- Grímkelsgerði með Grímkelsleiði í túninu á Ölfusvatni
- Jarðfastur steinn með áletrun í túninu á Ölfusvatni
- Rústir Grímkelstöfta í túnfæti á Króki (Fornleifaskrá, 77).

Árið 1958 mun Þórhallur Vilmundarson hafa staðið fyrir uppgrefti í Grímkelstöftum til að ganga úr skugga um hvort þar gæti verið bær Grímkels goða. Komist var að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki, en heimildir um þessa rannsókn eru mjög óljósar (ÍF XIII, 5 nmgr. 1).

Árið 1971 var bætt við friðlýsingaskrána Hellukofanum á Hellisheiði, sem og vörðum og vegi, "hestaslóð sem víða markar fyrir í hrauninu."

Árið 1989 gerði Guðmunur Ólafsson uppdrátt af minjum á bæjarstæði Ölfusvatns í tengslum við athugun á fornleifum vegna vegagerðar.

2. Saga byggðar við sunnanvert Þingvallavatn

Samkvæmt báðum megingerðum Landnámabókar byggði landnámsmaðurinn í Grafningi á Bíldsfelli en leysingi hans, Steinröður Melpatreksson, sem á að hafa verið af göfugum ættum frá Írlandi, fékk land þar norðan við, svokölluð Vatnslönd og á að hafa búið á Steinröðarstöðum (ÍF I, 388-89). Ekki er getið um nyrðri mörk á landnámi Þorgríms bílds á Bíldsfelli eða mörk milli landareigna þeirra Steinröðar en líklegt verður

að telja að Vatnslönd eigi að vísa til landsvæðisins þar sem síðar voru jarðirnar Úlfljótsvatn, Villingavatn og Ölfusvatn. Óvíst er hvort land Nesja hefur átt að tilheyra landareign Steinröðar en lengra til norðurs hefur hún ekki náð því Heiðabær á að hafa verið landnámsbær (ÍF I, 391 sbr. Einar Arnórsson, Árnespjng, 200-204). Eina vísbendingin um nyrðri mörk landareignar Steinröðar er að Nesjar munu hafa átt sókn til Ölfusvatnskirkju en sóknarmörk féllu oft saman við mörk fornra jarðeigna. Þó það sé ekki einhlýtt verður sú kenning að teljast líklegust að nyrðri mörk á landareign Steinröðar hafi verið milli Nesja og Heiðabæjar.¹

Ekki eru neinar vísbendingar til um hvar Steinröðarstaðir eiga að hafa verið. Af orðalagi Landnámu um 'Vatnslönd' mætti helst ráða að þeir hefðu verið einhversstaðar á svæðinu sem nú nær yfir jarðirnar Úlfljótsvatn, Villingavatn og Ölfusvatn og má í því sambandi minnst sagna í Harðar sögu um að Grímkell goði hafi fyrst búið á öðrum stað áður en hann færði bú sitt og byggði upp bæinn á Ölfusvatni. Slíkar sagnir eru ekki óalgengar í landnámsfrásögnum og er raunar auðvelt að sjá að í ókunnu landi hefur fyrst í stað þurft að stunda nokkra tilraunastarfsmei með bæjarstæði áður en besti staðurinn innan hveirrar landareignar var fundinn. Sögnin um Steinröðarstaði gæti verið minning af þessu tagi og ekki ómögulegt að þeir hafi verið sami bær og einnig var kallaður Fjöll eða Grímkelsstaðir, sem aftur var forveri Króks sem nú er. Brynjúlfur Jónsson túlkaði frásögn landnámu á annan hátt og leitaði leifa Steinröðarstaða innst í landi Nesja og fann þar rústir á tveimur stöðum sem honum fundust koma til greina sem fornþýli (ÁR-473:010, 011). Hvorki eru þó sagnir eða örnefni tengdar þeim sem benda í þá átt og ljóst er að á svæðinu milli Úlfljótsvatns og Nesja eru rústir á allmörgum stöðum sem gætu verið eftir fornþýli (t.d. ÁR-473:020; ÁR-479:040, 057, 061, 062).

Í báðum Landnámugerðum er ætt rakin frá Steinröði til Brands Þórissonar á Þingvelli. Brandur þessi var uppi á seinni hluta 12. aldar og hefur verið höfðingi, í það minnsta stórbóndi, því móðir hans var dóttir Jóns Sigmundssonar höfðingja Svínfellinga (d. 1164) og sjálfur var hann giftur systur Hrafns Sveinbjarnarsonar höfðingja Seldæla (d. 1211). Þessi ættakning frá Steinröði gæti bent til að stórbændur á Þingvelli hafi á 12. öld átt ítök, eða gert tilkall til ítaka, sunnan við Þingvallavatn og má hugsanlega sjá þar merki um átök á mörkum áhrifasvæða Haukdæla annarsvegar og Kjalnesinga og síðar Borgfirðinga hinsvegar.

Það er athyglisvert að þó að Haukdælir virðist hafa verið orðnir allsráðandi í Árnespjngi þegar í byrjun 12. aldar þá er ekki að sjá að þeir hafi nokkur tíma náð beinum yfirráðum yfir Þingvelli. Brandur og Þórir faðir hans giftust báðir dætrum stórhöfðingja úr öðrum landshlutum, og það að Brandur var svili Gissurar Hallssonar

¹ Það flækir þessi mál enn frekar að í Sturlubók Landnámu er ekki gert ráð fyrir sérstöku landnámi norðan við landareign Steinröðar og mætti skilja það sem svo að Sturla lögmaður hafi talið að Þorgrímur bíldur hafi numið öll lönd milli Öxarár og Þverár (sennilega sama og Tunguá milli Torfastaða og Tungu). Hafi landnám Hrolleifs ekki dottið út af vangá má einnig hugsa sér að Sturla hafi talið að Þingvöllur hafi verið óskiptur hluti af landi Ingólfs og niðja hans.

(d. 1206), en hann átti aðra systur Hrafns á Eyri, bendir ekki til annars en að þeir hafi verið pólitískir jafningjar, þó að Gissur hafi vitanlega verið valdameiri. Frekari vísbending um pólitíska stöðu Brands er að 1242 gifti Órækja Snorrason dóttur hans, Margréti, einum stuðningsmanna sinna (Sturl, 450, sbr. 472) og hefur Brandur þá verið látinn. Órækja reyndi að fylla það skarð sem Hrafn Sveinbjarnarson skildi eftir og má vera að honum hafi fallið gjaforð Margrétar í skaut eftir móður hennar, systur Hrafns, en ólíklegt verður þó að telja að Órækja hefði getað ráðið gjaforðinu hefði Brandur ekki verið bandamaður Sturlunga. Ekki er vitað hversu lengi Brandur bjó á Þingvelli eða hvort hann dó þar en laust fyrir 1200 bjó þar Guðmundur gríss (d. 1210), sem mun hafa átt goðorð um Kjalarnes og var augljóslega sjálfstæður gagnvart Haukdælum og höfðingjum Borgfirðinga. Ætt Guðmundar festist hinsvegar ekki á Þingvelli því árið 1221 bjó þar maður að nafni Guðlaugur Eyjólfsson af ætt Oddaverja (Sturlunga, 46, 266, 272) og má af þessu ætla að Haukdælum hafi verið skipulega haldið frá beinum yfirráðum yfir Þingvöllum af hinum valdafjölskyldum landsins.

Það var þannig ekki Þingvöllur heldur Ölfusvatn sem var útvarðstöð Haukdæla til vesturs. Þar bjó árið 1243 Símon knútur, sem hafði frá blautu barnsbeini verið fylgdarmaður Gissurar Þorvaldssonar og hafði verið með honum í Örlygsstaðabardaga og í Reykholti að aftöku Snorra Sturlusonar. Heimamaður Símonar var Þorsteinn Guðinason, sem eignað var banasár Snorra og fór Tumi Sighvatsson að þeim það ár og var Símon höggvinn en Þorsteinn handhöggvinn (Sturl, 491-92). Freistandi er að ætla að tilkall það til 'Vatnslanda' sem birtist í ættrakningu frá Steinröði til Brands Þórissonar á Þingvelli hafi tengst viðspyrnu smáhöfðingjanna á Þingvelli við útpennslu Haukdæla um miðja 12. öld og jafnvel að þeir hafi verið leiðtogar manna suður um Grafning.

Úlfljótsvatn var stærsta jörðin í Grafningi, 60 hundruð að fornu mati,² en flest bendir til að framan af miðöldum hafi Ölfusvatn verið aðalbýlið og miðstöð byggðarinnar. Um fornt mat jarðarinnar eru ekki ótvíræðar heimildir, það hefur ekki verið minna en 48 hundruð og hugsanlega 60 ef Krókur er talinn með.³ Höfundur Harðarsögu⁴ lætur Grímkel goða, sem greinilega á að vera meiriháttar höfðingi, búa á Ölfusvatni og þar hefur verið komið prestsetur fyrir 1200 en að Úlfljótsvatni kemur fyrst setuprestur á 13. öld.⁵ Fyrir þann tíma má ætla að allir bæir í Grafningi hafi átt

² Með Villingavatni sbr. JÁM XIII, 62, 63 nmgr.

³ Í elsta máldaga Ölfusvatnskirkju er hún sögð eiga 12 hundruð í Ölfusvatnslandi og önnur 12 hundruð í Hagavík en í seinni máldögum er hún talin eiga hálf heimaland. Svo virðist sem Hagavík hafi lagst í eyði og verið sameinuð Ölfusvatni og má af því ráða að kirkjuhlutinn hafi verið 24 hundruð, en jörðin öll 48 hundruð.

⁴ Sagan er í núverandi mynd ekki eldri en frá seinni hlut 14. aldar en eldri gerð hennar heur verið til, samin um eða fyrir miðja 13. öld og er sennilegt að yngri gerðin byggji á henni og hafi ekki breytt atriðum eins og helstu persónum og bústöðum þeirra - Íslensk bókmenntasaga II, 149; ÍF XIII, lxvi-lxvii.

⁵ Þetta má sjá af því að Ölfusvatnskirkju er getið í kirknatali Páls biskups frá um 1200 en ekki Úlfljótsvatns (ÍF XII, 8). Í kirknatalinu er aðeins getið þeirra kirkna sem prestar voru við. Til er

sókn til Ölfusvatns, en eftir að Villingavatn var lagt til kirkjunnar á Úlfljótsvatni og þar varð prestsetur, færðist sveitin sunnan við Úlfljótsvatn og útkirkjurnar á Bíldsfelli og Torfastöðum undir Úlfljótsvatnskirkju, og hefur Úlfljótsvatn upp frá því orðið miðstöð sveitarinnar.

Ekki er ástæða til að ætla annað en að kirkja hafi verið á Úlfljótsvatni löngu áður en prestskyld var sett þar, og sennilegt að hún hafi fyrst verið byggð á 11. öld, sem einnig má ætla um hinar kirkjurnar í Grafningi, þ.e. á Nesjum, Ölfusvatni, Bíldsfelli og Torfastöðum. Talið er að kirkjur hafi byggst við helstu bólstaði fljótlega eftir kristnitökuna en að aðgreining þeirra í bænhús, útkirkjur og prestskyldarkirkjur hafi fyrst orðið á 12. öld eftir að prestum tók að fjölga að ráði. Áður en það varð munu kirkjurnar fyrst og fremst hafa verið notaðar til bænahalds og í sambandi við greftranir og messuhald fyrir hina látnu. Þegar komið var fram á 12. öld vígðust margir meiriháttar höfðingjar til prests og aðrir réðu presta til að syngja við kirkjur sínar og þjóna í kirkjum nággranna sinna (Orri Vésteinsson, *Christianisation of Iceland*, 72-92, 231-43). Það að bóndinn á Ölfusvatni mun hafa orðið fyrstur til að halda uppi reglulegri prestþjónustu við kirkju sína af bændum í Grafningi, og lagði til þess Sandey í Þingvallavatni og hluta úr landi Ölfusvatns og Hagavíkur (DI I, 270), bendir til að hann hafi verið helsti leiðtogi sveitarinnar og Ölfusvatn miðstöð hennar.

Dreifing kirknanna í Grafningi kemur vel heim og saman við matsverð jarðanna: kirkjur er að finna á öllum stærstu og dýrustu jörðunum, en þær jarðir sem ekki hafa haft kirkjur eru augljóslega hjáleigur eða minni býli sem skipt hefur verið út úr aðaljörðunum. Eina undantekningin er Tunga, sem var 30 hundraða jörð, og gæti þar hafa verið bænhús þó heimildir séu ekki til þar um. Sýnt er að Litli og Stóri-Háls hafa byggst frá Torfastöðum, Hlíð frá Bíldsfelli eða Úlfljótsvatni, Villingavatn frá Úlfljótsvatni eða Ölfusvatni, Krókur og Hagavík frá Ölfusvatni og nokur afbýli virðast hafa verið frá Nesjum, síðast á Nesjavöllum frá 1819. Eðlilegt er að álykta að stærstu og bestu jarðirnar, þar sem voru kirkjur eða bænhús, séu þær sem fyrst voru byggðar - þeir sem fyrstir komu gátu tekið víðustu og bestu löndin og þegar byggð tók að þéttast fengu hinir sem síðar komu hlutfallslega minni og rýrari skika. Þegar kristni var lögtekin árið 1000 hafa bændur á þeim jörðum sem lengst og best voru setnar verið best í stakk búnir til að koma sér upp sérstökum grafreitum og byggja í þeim hús til helgihalds. Af þessu má gera sér grófa mynd um þróun byggðarinnar:

Sennilegt er að land í Grafningi hafi verið numið að sunnan og má því vel leggja trúnað á frásögn Landnámu um að fyrst hafi verið byggt undir Bíldsfelli, en að fljótlega hafi risið annað býli upp undir Þingvallavatni. 'Vatnslönd' hafa síðan snemma skipst í

máldagi Bíldsfellskirkju frá 13. öld sem getur þess að þeirri kirkju eigi að þjóna frá Úlfljótsvatni og hefur þar þá verið komið prestsetur (DI I, 409). Ekki eru aðrar vísbendingar um aldur þessa máldaga en að hann er miklu eldri en Vilchinsmáldagi sömu kirkju frá 1397 og að hann er greinilega vígslumáldagi, sem sést af ákvæðum um söng og lýsingu kirkjunnar, en lýsingarákvæði eru einkenni á 13. aldar máldögum.

tvö aðalbýli, Úlfljótsvatn og Ölfusvatn og Nesjar hafa líka skilist frá snemma. Eins og sagnirnar um Steinröðarstaði og Grímkelssstaði minna á er vel mögulegt að nokkur flutningur hafi verið á bæjarstæðum fyrst í stað meðan menn voru að kynna landinu, en þessar þrjár hafa verið aðaljarðirnar á 10. öld sem allar hinar skiptust síðan útúr. Hvenær það hefur gerst er vandara að segja og er ekkert því til fyrirstöðu að þegar á 10. öld hafi verið komin byggð í Hagavík og á Villingavatni, en hvort það hafa verið sjálfstæð býli er óvíst. Þegar bóndinn á Ölfusvatni lagði grunnin að fastri prestvist við kirkjuna þar á 12. öld gaf hann til hennar auk hluta í heimalandi, Sandey í Þingvallavatni og hluta af Hagavíkurlandi, sennilega helming þess. Þessar gjafir bera með sér að hann hefur átt Hagavík og Sandey og er eðlilegast að ætla að þau lönd hafi verið hluti af upphaflegri landaregin Ölfusvatns. Laga Sandeyjar í Þingvallavatni bendir sterklega til þess að Ölfusvatn hafi byggst og eign verið kastað á eyjuna áður en byggð festist á Nesjum, í Heiðabæ eða á Mjóanesi. Hagavík hefur þá verið hjáleiga eða afbýli frá Ölfusvatni á 12. öld og sömu sögu er að segja um Villingavatn sem lagt var til kirkjunnar á Úlfljótsvatni á 13. öld. Þar hefur verið afbýli eða hjáleiga frá Úlfljótsvatni sem bóndinn skildi frá heimajörðinni er hann kom upp prestskyld við kirkju sína.

Vel er hugsanlegt að afbýli eða hjáleigur hafi verið víðar á svæðinu þó ekki séu nú til heimildir þar um. Þar má minnast rústa á Vatnsbrekku og Setbergsbóli innst í Nesjalandi, bæjarstæða Nesjavalla og Króks sem vel geta hafa verið notuð til búskapar áður en byggð sú hófst þar sem þekkt er úr seinni alda heimildum. Einnig eru tóftaleifar á nokkrum stöðum í Úlfljótsvatnslandi sem gætu verið eftir gömul kot. Í túnfætinum á Króki eru tóftaleifar sem bera nafnið Grímkelstóftir og eiga samkvæmt munnmælum að vera leifar Grímkelssstaða þar sem Grímekell goði bjó áður en hann byggði upp á Ölfusvatni. Lítilsháttar fornleifarannsókn var gerð þar 1958 og fannst þá ekkert sem benti til að um mannabústað væri að ræða en ekki er ljóst hversu umfangsmikil þessi athugun var (ÍF XIII, 5 nmgr. 1). Þó ekki sé hægt að útiloka að byggð hafi verið nokkuð víðar ennú er á ýmsum tímum, er þó flest sem bendir til að byggð í Grafningi hafi lengstum verið minni en á 19. öld og að Nesjar, Ölfusvatn, Villingavatn og Úlfljótsvatn séu einu jarðirnar á skráningarsvæðinu sem hafi verið í nokurnvegin stöðugri byggð frá því á 10. öld.

Hagavík hefur greinilega lagst í eyði eftir 13. öld, sem sjá má af því að kirkjan á Ölfusvatni er í máldaga frá um 1200 talin eiga hluta í Hagavíkurlandi, og hefur það þá verið byggt (DI I, 270), en 1397 er kirkjan talin eiga helming heimalands (DI IV, 94-95) og er eðlilegast að skýra þessa breytingu á þann veg að Hagavík hafi lagt í eyði og land jarðarinnar verið sameinað Ölfusvatnslandi. Þessi túlkun styrkist af því að um 1500 var aðeins einn bær byggður í Ölfusvatnkirkjusókn annar en Ölfusvatn, þ.e. Nesjar (DI VII, 47) og um 1570 eru aðeins tveir bæir í sókninni, Nesjar og Krókur (DI XV, 644). Hagavík hefur því lagst í eyði á 14. öld og verið í eyði bæði um 1500 og um 1570 en sennilega byggst fljótlega eftir það og verið í stöðugri byggð alla 17. öldina

Því ekki er þess getið í jarðabók Árna og Páls að byggðin þar sé ung. Auðvitað er ekki útilokað að Hagavík hafi verið byggð öðru hverju á tímabilinu 1300 til 1600 en lengst af hefur jörðin verið í eyði.

Króks er fyrst getið um 1570 og hefur ekki verið í byggð um 1500 og gæti því verið nýbýli frá 16. öld þó auðvitað sé ekki hægt að útiloka að byggð hafi verið þar áður, sbr. sagnirnar um Grímkelstóftir. Hvortveggja Krókur og Hagavík voru taldar hjáleigur Ölfusvatns er jarðabókin var gerð 1706 og bendir því flest til þess að býli þessi hafi framan af verið minniháttar og í óstöðugri byggð. Að byggð hafi verið með minna móti í Grafningi á seinni hluta miðalda fær einnig stuðning af því að kirkjutíund til Úlfljótsvatnskirkju á árabílinu 1387 til 1397 var aðeins 12 álnir á ári. Ef greidd hefur verið tíund af öllum þeim bæjum sem í byggð voru í sókninni á 18. og 19. öld (fyrir utan Bíldsfell og Torfastaði þar sem tíund var tekin heima, og Villingavatn sem var kirkjujörð og undanþegin tíundargreiðslum) þá hefði hún átt að vera að minnsta kosti 34 álnir á ári.⁶ Ef bóndinn á Úlfljótsvatni kom sér undan tíundargreiðslum til kirkju sinnar, sem hann þó hefði ekki átt að komast upp með því jörðin var bændaeign, þá hefði kirkjutíundin samt átt að vera tæpar 22 álnir á ári.⁷ Hafi matsverð jarðanna ekki hækkað til muna, sem er ólíklegt, þá bendir þetta til að lítil sem engin byggð hafi verið í Úlfljótsvatnssókn fyrir utan Úlfljótsvatn sjálft, Villingavatn, Bíldsfell og Torfastaði.⁸ Þessi niðurstaða er athyglisverð því yfirleitt er talið að byggð á Íslandi haf verið með öflugasta móti á 14. öld, fyrir Svartadauða.

1706 voru tvær hjáleigur með Úlfljótsvatni (JÁM II, 383), en ekki er vitað um önnur afbýli með þeirri jörð frá fyrri tímum. Önnur þessara, Gata, var byggð upp 1706 og hefur búskapur staðið þar stutt, en í hinni, Úlfljótsvatnskoti, hafði þá verið búið um hríð en byggð var þar aflögð fyrir miðja 19. öld.

Vitað er um nokkur kot í landi Nesja, sem virðast hafa verið í byggð öðru hverju, og yfirleitt um skamma hríð á 18. og 19. öld. Nesjakot, hjáleiga byggð upp úr selstöðu á Kleifardal og önnur undir Vegghömrum voru allar farnar í eyði um 1840 en þá er getið um búskap í Botnadal (JJ, 73) sem annars er ekki getið í heimildum. Bú var fyrst reist á Nesjavöllum 1819 og er um það sömu sögu að segja og með Krók að þar getur vel hafa verið búið áður þó heimildir geti þess ekki.

Búskaparskilyrði eru ekki nema í meðallagi góð á skráningarsvæðinu og því lítið

⁶ Íslenska tíundin var 1 % fasteignaskattur og með því að matsverð tíundarskyldra jarða í Úlfljótsvatnskirkjusókn var 112 hundruð, þá hefðu tíundargreiðslurnar átt að nema alls 1,12 hundruðum eða 134,4 álnum á ári. Tíundinni var síðan skipt í fjóra hluta, fór einn til biskups, einn til fátækra, einn til prestsins og einn til kirkjunnar, hver hlutur 33,6 álnir. Tíund var að vísu einnig greidd af öðrum fasteignum en landi en slík tíund mun aðeins hafa numið litlu broti af heildartíundinni, sem sést af því að víðast er góð fylgni milli heildarmatsverðs tíundarskyldra jarða í hverri sókn og kirkjutíundarupphæðar*4(100) - Orri Vésteinsson, *Christianisation*, 117 nmgr. 4.

⁷ Þá hefði tíundarstofninn verið 72 hundruð og tíundin í heild 86,4 álnir.

⁸ Ekki er óhugsandi að Tunga, Litli- og Stóri Háls og Hlíð hafi greitt tíundir sínar til kirknanna á Bíldsfelli og Torfastöðum, en það væri þó mjög óvenjulegt. Hitt væri sennilegra að lítið hafi verið á þessa bæi sem hjáleigur frá kirkjustöðunum og þær hefðu þannig ekki haft sjálfstætt matsverð.

svigrúm fyrir miklar breytingar á skipulagi byggðarinnar. Þar hafa snemma byggst fjórar þokkalega landmiklar og búsaðlarlegar jarðir sem hafa haldist í stöðugri byggð en minni býli hafa átt þar erfiðara uppdráttar. Það er ekki fyrr en um 1600 að stöðugleiki kemst á byggð í Hagavík og á Króki en sennilegt er að minniháttar kotbúskapur hafi áður verið reyndur á þeim bæjarstæðum sem og nokrum stöðum öðrum, einkanlega í landi Nesja og Úlfjótsvatns, yfirleitt í skamma hríð í einu. Aðeins eitt slíkt bæjarstæði, Nesjavellir, komst í varanlega ábúð á 19. öld.

3. Helstu tegundir menningarminja

Á skráningarsvæðinu hafa verið skráðir 375 minjastaðir og eru að meðaltali 28,85 minjastaðir á jörð. Langflestir minjastaðir eru skráðir á Úlfljótsvatni, eða 67, en næst er Villingavatn með 46 skráða staði. Aðeins 3 staðir eru skráðir á Reykjahjáleigu og 9 á Krossi, en þar er líklega frekar um að kenna heimildaskorti en að svo fáir minjastaðir séu á þessum jörðum, enda ræður miklu um fjölda skráðra minjastaða á jörð hversu greinargóðar heimildir, einkum örnefnaskrár, eru um minjar á hverri jörð. Hér að neðan er tafla sem sýnir fjölda minjastaða á jörð en síðan er stuttlega gert grein fyrir helstu tegundum minja á svæðinu.

Heiti jarðar	Fjöldi minjastaða
Úlfljótsvatn	67
Villingavatn	46
Ölfusvatn	40
Reykjakot	40
Kolviðarhóll	34
Vellir	32
Reykir	25
Nesjar	24
Nesjavellir	21
Hagavík	19
Krókur	15
Kross	9
Reykjahjáleiga	3
Alls	375

Bæjarhólar og bæjarstaði

Yfirleitt hafa bæir staðir á sama stað öldum saman, og jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar, og hafa þá myndast bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingaleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er mestra og fjölbreytilegastra að vænta, í þeim er geymd saga dagslegs lífs kynslóðanna og í þeim er flesta forngrípi að finna. Bæjarhólar eru því langmikilvægasta tegund fornleifastaða og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í flestum tilfellum er búið á þeim og víðast hafa steypuhús með kjöllum verið byggð á þeim og skemmt þá að meira eða minna leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlæt看legt sé eða raunhæft að friða þá fyrir frekara raski, en skemmdir bæjarhólar geta þó verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verði að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á bæjarhólum. Mests virði eru þó bæjarhólar sem ekki hefur verið byggt á eða orðið fyrir raski. Sjaldnast er hægt að komast að því hvort bæjarhólar eru óskemmdir eða ekki nema með vettvangsathugun, en til eru upplýsingar um hvar bæjarhús hafa verið flutt og má ganga út frá því að þar sem hús hafa ekki verið flutt séu

bæjarhólar meira eða minna skemmdir. Hins vegar er engin trygging fyrir því að bæjarhóll hafi ekki eyðilagst þótt bæjarhús hafi verið flutt, stundur hafa verið reist þar önnur hús eða bæjarstæði sléttað undir tún.

Útihús og tún

Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru skepnuhús helstu byggingar á hverri jörð. Eins og víðast á Íslandi voru útihús dreifð um tún, og hafa það fyrst og fremst verið hús fyrir sauðfé og hesta, en fjós voru yfirleitt nær bæjarhúsum og stundum sambyggð bæjarþorpinu. Einnig stóðu skemmur og smiðjur stundum stakar í túni, og hjallar. Algengast var á hverjum bæ væru 3-5 útihús innantúns. Oftast virðast þau hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa þá myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestast byggingar á Íslandi skepnhús, en þeim hefur fækkað meira en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum en einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu oft verið byggð ofan á eldri útihúsarústum.

Langflest skepnuhús voru byggð fyrir sauðfé, og þar sem getið er um hlutverk útihúsa er oftast um fjárhús að ræða. Nokkur hesthús og fjós eru skráð, en ekki önnur gripahús, s.s. svína-, hænsna- eða geitakofar. Geitastígur er þó vísbending um að geitur hafi verið haldnar í Grafningi. Hlöður voru ekki almennar fyrr en seint og voru hey víðast geymd í stæðum eða gryfjum við skepnuhúsin. Þótt tún séu ekki mannvirki í venjulegum skilningi eru þau þó til orðin af mannavöldum. Á undanfórnum árum hafa orðið miklar framfarir á sviði fornleifavísinda og hafa menn m.a. þróað aðferðir sem byggja á efnagreiningu jarðvegs og geta með því móti sagt til um ræktun túna og áburðarnotkun til forna. Til þess að hægt sé að beita slíkum aðferðum þurfa túnin að vera óskemmd af vinnuvélum og ekki verið borinn á þau ólífrænn áburður. Slík tún er helst að finna í kringum gömul eyðibýli. Þar er einnig helst að vænta vel varðveittra túngarða.

Stekkir og kvíar

Fimmtán stekkir eru skráðir á svæðinu og margir þeirra líklega enn varðveittir, þótt fráfarur hafi snemma lagst af, enda eru þeir oftast spölkorn frá bæjarstæðinu, þar sem rask er mest. Stekkirnir virðast yfirleitt vera einfaldar girðingar með litlu hólfi (lambakró) á einni hlið eða við annan endann. Í kringum stekki hafa sumsstaðar myndast litlir túnblettir sem voru slegnir.

Kvíar hafa yfirleitt verið miklu nær bæ en stekkirnir og oft beinlínis í túnjaðrinum. Á fjórum stöðum eru skráðar kvíar, en hvergi beinlínis ljóst af heimildunum að þar hafi verið hlaðnar kvíar. Allt eins getur verið átt við ákveðna staði

þar sem ær voru mjaltaðar, hvort sem það var í hlöðnum kvíum eða færíkvíum. Kvíar hafa sjálfsagt verið á hverjum bæ, og er líklegasta ástæðan fyrir því að þeirra er ekki getið nema á fjórum jörðum að færíkvíar voru algengastar þegar á leið, og að þær hafi ekki staðið á sama stað í meira en nokkur ár.

Aðeins eru heimildir um tvo smalakofa, og einn náttuga.

Beitarhús og sel

Beitarhús eru skráð á fjórum stöðum, en fjárhellar og fjárborgir hafa víðast verið notuð til að hýsa fé í úthögum um vetur. Hlaðnar fjárborgir eru fimm, en tíu hellar þar sem fé hefur verið haft og oft hlaðið fyrir.

Mikið beitoland er á hálendinu upp af bæjunum og var notað til selstöðu. Haft var í seljum í Grafningi fram yfir 1850. Seljarústir eða vísbendingar um sel er að finna á 8 jörðum. Sel voru á flestum landmeiri jörðum og oft fleiri en eitt sel frá hverri jörð. Seljarústir eru ásamt eyðibýlum þeir minjastaðir þar sem mest er að sjá af mannvirkjaleifum og sem gætu hentað einna best til kynningar. Mörg rannsóknarefni eru enn óleyst varðandi seljabúskap. Lítið sem ekkert er vitað um mismunandi tegundir seljabúskapar, og enn hefur ekki verið fundið hvernig greina megir mun á seljum og byggingum þar sem búið var allt árið. Þetta er eitt af mikilvægari verkefnum íslenskrar fornleifafraeði.

Engjar og áveitur

Fram á þessa öld var stór hluti heyafla hveggjar jarðar fenginn á engjum. Gjöfulastar voru flæðingjar þar sem ár flæddu yfir öðru hvoru, en annars staðar var reynt að veita vatni á engjarnar, grafnir skurðir eða hlaðnar áveitugarðar. Átta áveitumannvirki eru skráð - þau mestu sennilega áveitugarðarnir á Dælum í landi Úlfjótssvatns - en hafa líklega verið víðar. Flestir veitugarðar eru byggðir í votlendi og sökkva því fljótt og hverfa ef þeim er ekki haldið við. Einstakir áveituskurðir og stíflugarðar þykja kannski ekki merkileg mannvirki, en þau eru samt minjar um jarðræktarhætti sem yngri kynslóðir hafa ekki kynnst og bera ekki skynbragð á, og er nauðsynlegt að koma í veg fyrir að þau hverfi öll.

Myllur

Á fyrri öldum var korn malað í höndum eða flutt hingað malað, en í lok 18. aldar voru gefnar út leiðbeiningar um vatnsmyllugerð og fólk hvatt til að mala eigið korn, enda skemmdist það síður ef það var flutt ómalað. Heimildir eru aðeins um eina myllu á skráningarsvæðinu, og ekki ljóst af lýsingum hvort tóftir hennar eru enn sjáanlegar.

Myllur eru eitt fyrsta merkið um innreið nýrra tíma í íslenskum sveitum og mikilsvert ef hægt væri að varðveita dæmi um myllu fyrir komandi kynslóðir.

Minjar um eldsneytisöflun

Í byrjun 18. aldar var enn nægur skógur til eldsneytis á mörgum jörðum í Grafningi, og nægur til kolagerðar þótt hún virðist þá ekki hafa verið stunduð nema á Nesjum. Einnig höfðu menn víða lyng og hrís til eldsneytis. Kolagrafir eru meðal þeirra fornleifa sem ekki er getið reglulega í fornleifaskrá og eru aðeins heimildir um að kolagrafir sjáist á einum stað, en líklega er þær að finna miklu víðar. Kolagrafir geta verið til vitnis um útbreiðslu skóga til forna þegar þær finnast þar sem skógur hefur ekki verið lengi. Erfiðara hefur verið um eldsneyti á þessum tíma á þeim jörðum sem skráðar eru í Ölfushreppi og er þess getið að á Reykjakoti sé eldiviður aðkeyptur, en annars staðar notast við tað.

Móskurður var víða, en á nokkrum stöðum sagður á þrotum. Mikilvægi mótekjunnar hefur aukist eftir því sem gengið var á skóga, og var mór hafður til eldsneytis fram á þessa öld. Mógrafa er getið á níu stöðum. Mógrafir geta ekki talist mjög áhugaverðar fornleifar í sjálfum sér, en mikilvægt er að halda til haga upplýsingum um hvar mór var tekinn.

Minjar um veiðar

Silungsveiði var mikilvægt búslag á mörgum jörðum, enda góð veiði á ám og vötnum á skráningarsvæðinu. Ýmsum aðferðum var beitt við fiskveiðina en þær skilja ekki eftir sig miklar leifar á veiðstöðunum.

Áður en byssueign óx meðal bænda varð að veiða ref í gildrur. Refagildrurnar voru einfaldir hellukassar sem lokuðu refinn inni þegar hann hafði bitið á agnið. Refagildrur eru skráðar á þremur stöðum. Þær eru merkilegar minjar um tæknistig gamla bændasamfélagsins og nauðsynlegt að huga að varðveislu þeirra.

Leiðir

Mikill fjöldi leiða er skráður á svæðinu, og eru það ýmist leiðir milli sveita og landshluta, eða skemmri leiðir. Þjóðleið hefur verið yfir Helligsheiði frá ómunatíð, þar sjást enn gamlar götur og vörður, og þar hefur verið sæluhús um aldir. Dyravegur er gamall lestavegur úr Grafningi til Reykjavíkur, á Dyravegi er Sporhellan, með djúpum götum eftir hestafætur og er það til merkis um hve fjölfarin leiðin hefur verið. Um Tindabrekku lágu götur úr Grafningi út á Mosfellsheiði, og var leiðin talin erfið yfirferðar. Skálholtsmannavegur er kenndur við að vinnumenn frá biskupsstólum

fluttu aðdrætti frá Faxaflóa og Suðurnesjum og fóru þá leið. Kattarhryggjaleið var fjölfarin leið milli Grafnings og Ölfuss, oft farin á vetrum vegna þess hve snjólétt hún var.

Götunar og leiðirnar eru margar enn greinilegar, en óvída hafa verið miklar vegabætur fyrr en á síðari tímum og nefna lýsingar sjaldan eiginleg samgöngumannvirki. Dæmi um slíkt er þó Skálholtsrimi í landi Villingavatns þar sem sagt er að líti út fyrir að vegur hafi verið lagður yfir mýrina.

Auk lengri leiða eru skráðar leiðir mill bæja, sem og leiðir og götur innan hverrar jarðar þar sem heimildir eru fyrir þeim, s.s. leiðar að seljum, stekkjum, engjum, brunnum og þvottastöðum.

4. Verndun og kynning menningarminja á skráningarsvæðinu.

Ákvarðanir um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum og val staða sem henta til kynningar verður ætíð að byggja á vettvangsathugun og úttekt á hverjum stað fyrir sig. Af þeim heimildum sem notaðar eru við svæðisskráningu fornleifa er ekki hægt að fá nema óljósa mynd af ástandi minjastaða, en þó er ljóst að margir minjastaðir á skráningarsvæðinu eru þegar horfnir eða hafa skaddast af framkvæmdum ýmiskonar. Þeim mun brýnna er að standa vörð um þá staði sem enn eru óskaddaðir, og gæta þess að haga hvers kyns framkvæmdum þannig að minjar skaddist ekki. Á síðastliðnum áratug hefur dregið verulega úr framkvæmdum í landbúnaði og stafar þeim tóftum sem enn eru sýnilegar minni hættu en áður af framræslu og túnasléttun. Hins vegar getur skógrækt valdið skemmdum á tóftum og skógur hulið þær, en slíkt ætti að vera auðvelt að forðast þegar minjastaðir eru þekktir. Landvernd og minjavernd geta farið vel saman, ef þess er gætt að trjám sé ekki sáð svo nálægt minjastöðum að skógur nái að sá sér sjálfur í tóftir á auðum svæðum.

Margir athyglisverðir minjastaðir eru á skráningarsvæðinu og ljóst að fleiri munu koma í ljós við vettvangsathugun. Allmargar gamlar leiðir á svæðinu eru þegar merktar og fjölsóttar af útivistarfólki, og mætti auka aðdráttarafl þeirra verulega með því að nýta þá auðlind, sem fornleifar eru, fornleifastaðir geta verið spennandi áfangastaðir, jafnt fyrir innlenda sem erlenda ferðamenn ef vel er að kynningu þeirra staðið. Stórt hlutfall þeirra tófta sem enn eru sýnilegar tófta eru stekkir, beitarhús, eyðibýli og sel, minjar sem tengjast horfnum búnaðarháttum, og geta margar þeirra haft kynningargildi. Bæjarstæði Ölfusvatns er enn vel varðveitt með útihúsum og túngarði, og gæti hentað vel til kynningar, en endanlegar tillögur um verndun og kynningu einstakra staða verður ekki hægt að gera fyrr en vettvangsathugun lokinni, þegar fengið er heildaryfirlit yfir fornleifar á svæðinu og þannig raunhæfur samanburður um varðveislu- og kynningargildi einstakra staða.

Fornleifaskrá

ÁR-473 Nesjar

20 hdr. 1703. Bændaeign. Fyrst getið 1539 og var þá metin á 20 hdr.

1918: 3,2 ha, slétt að mestu. Matjuratgarðar 674 m². Tún 25,8 ha 1977. "Landið er allt þurrlegt og bratt. Fyrir botni Hestvíkur að Jórukleif er landið að miklum hluta vaxið birkikjarri. Engar vatnslindir eða lækir eru til í landinu og enginn mýrablettur. Veiði er í Þingvallavatni. Veiðibjölluvart var í Neseý og var hún einnig slegin til heyöflunar." SB III, 261.

ÁR-473:001 bæjarhóll bústaður
Heimild: Túnakort 1918

ÁR-473:002 heimild kirkja
1706: "Það er sögn manna, að hjer hafi að fornu kirkja eður hálfkirkja verið, ekki vita menn rök til þess, nema þau ein að sýnileg eru þar merki kirkjutóftar og kirkjugarðs. En framyfir allra manna minni hefur þetta hús niðri legið"
Heimild: JÁM II, 377

ÁR-473:003 heimild útihús
Heimild: Túnakort 1918

ÁR-473:004 heimild útihús
Heimild: Túnakort 1918

ÁR-473:005 heimild útihús
Heimild: Túnakort 1918

ÁR-473:006 heimild útihús
Heimild: Túnakort 1918

ÁR-473:007 hellir fjárskýli
"Fram úr botni [Nesjavíkur] er Hádegisholl, sem var eyktarmark frá Nesjum. Hellir er í hólum, og hefur hann stundum verið nefndur Hellishóll. Í gamla daga voru hafðir sauðir í hellinum. Hafa rúmast þar 20-25 sauðir."
Heimild: Ö-Nesjar, 2

ÁR-473:008 tóft Réttarháls rétt
"Suðausturhornið á Hestvík heitir Litla-Hestvík. Upp frá henni gengur réttarháls. Hann liggur suður á móts við Kúaflatir, sem eru norðvestan við há-Krumma. Rétt var í Hestvík undir Réttarhálsi. Rústir hennar sjást enn. Þar var síðast réttað líklega 1938-9."
Í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu segir: "Réttin stendur undir háu bergi, sem heitir Réttarberg og skagar svolítið út í Hestvíkina og afmarkar Litlu-Hestvíkina."
Heimildir: Ö-Nesjar, 3; Ö-Nesjar, aths+viðb, 3

ÁR-473:009 heimild Stuttistigur leið
"Meðfram Hestvík liggur Stuttistigur, elzta gatan með vatninu. Þar var kirkjuleið að Úlfljótsvatni áður."
Í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu segir: "Stuttistigur var yfirleitt farinn þarna á milli bæjarna [Nesja og Heiðarbæjar], en hægt var að fara aðra leið. Presturinn þurfti að fara þarna um, þegar messa átti á Úlfljótsvatni. Þar sem Stuttistigur var mjög erfiður niðurgöngu og jafnvel glæfrægur, fór presturinn aðra leið; hann fór aldrei Stuttastíg."
Heimildir: Ö-Nesjar, 3; Ö-Nesjar, aths+viðb, 4

ÁR-473:010 tóftir Setbergsból bústaður

Friðlýstar minjar

Árið 1898 leitaði Brynjúlfur Jónsson rústa Steinröðarstaða, sem nefndir eru í Landnámu. Meðal staða sem hann taldi koma til greina voru Setbergsbalar: “Á Setbergsbölum eru allmiklar rústir og misgamlar. Hin vestasta er miklu nýlegust, og skal eg láta ósagt, hvort það hefir verið kot eða sel, tel hið fyrra þó líklegra. Hún er 8 fðm. löng og 4 fðm. breið um miðjuna. Dyr eru á miðri suðausturhlíð, og þar fyrir innan 2 tóftir, sín til hvorrar handar og hin þriðja beint innúr. Vestast er sérstök tóft, opin mót vestri. Sérstök tóft gengur og suður úr norðausturendanum, líklega fjárrétt. Líttlu austar er sú rústin sem fornust sýnist. Hún sést ógjörla nema vel sé að gáð. Hún virðist vera skift í 3 tóftir, og er hin vestasta stutt og breið og eins hin austasta, en miðtóftin löng og mjó. Dyr virðast hafa verið á vesturenda. Enn litlu austar er hin þriðja rúst, lítið glöggvari, 6 fðm. löng og 4 fðm. breið, með dyr í suðausturhorni og afhlaðna innitóft í norðausturhorni. Fleiri rústir óglöggar, er þar. Þessi staður er eigi lengra frá Vatnsbrekku en svo, að ganga má á 10 mínútum, og næstum þar uppundan, en örskamt milli vatns og fjalls. Þykir mér því fremur ólíklegt, að hér sé um tvær aðskildar jarðir að ræða, heldur sé alt sama jörðin, Steinröðarstaðir; hafi þar snemma verið tvíbýli og annar bærinn settur uppi á Setbergsbölum. Sá er þar bjó hafi síðar lagt Vatnsbrekku undir sig og sett þar fjárhús, en bygð haldist lengi á Setbergsbölum, þar til skriða má hafa tekið af vatnsbólið, sem líklega hefir verið í hinni djúpu laut.”

“Gróinn stallur er í Jórúkleif, um miðja kleifina, sem heitir Setberg, og undir því er Setbergsból. Þar var bólið, var síðast einsetumaður. Þar sést fyrir tóftum og túnskækli, og munu þær minjar hafa verið friðlýstar fyrir mörgum árum” segir í örnefnalýsingu. “[Eyðibýli eru] Setberg[...]

Heimildir: Árb. 1899, 4-5; Ö-Nesjar, 4; Fornleifaskrá, 77; SSÁ, 192

ÁR-473:011 tóftir Vatnsbakki bústaður

Árið 1898 leitaði Brynjúlfur Jónsson rústa Steinröðarstaða, sem nefndir eru í Landnámu. Á svæðinu sem hann taldi líklegast eru m.a. tóftir í Vatnsbrekku: “Þar eru eru rústir skamt upp frá vatninu. Vestast er mesta tóftin, nál. 10 fðm. löng og nær 4 fðm. breið út fyrir vegg. Miðgafli virðist hafa verið um 4 al. frá vesturenda. Litlu austar er líkast að dyr hafi verið á suðurhlíðvegg, þó verður það eigi ákveðið. Og öll er tóftin svo fornleg og niðursokkin, að gætni þarf til að átta sig á henni. Þó virðist auðsætt, að það sé bæjartóft. Við austur enda hennar er önnur tóft, lítil og full af grjóti. Þá er hin þriðja austast og er sú glöggust og nýlegri en hinar. Gæti það verið fjárhústóft, er síðar hefði verið sett t.a.m. í fjóstóftina. Þar austan við vottar fyrir leifum af tóft, ef til vill heystæði, og má vera að úr henni hafi verið tekið efni í fjárhússveggina, - því ekki fjárhúsið verið sett þar fyrr en bærinn var aflagður, er virðist hafa verið allsnemma. Bak við rústirnar liggur djúp laut er lítur út fyrir að hafa verið ræsi, til að verja húsin fyrir vatnsuppgangi undan brekkunni. Litlu ofar er girðing, aflangt kringlótt, nál. 5x6 fðm. innanmáls. Þar sjást engar dyr, því hefir það varla verið gjafahringur (“gaddur”), og tilheyrir fjárhúsinu, en líklega að það hafi verið akur eða hvanngarður, og tilheyrir bænum. Skyldi eg nokkurs geta til um Steinröðarstaði, þá þætti mér líklegast, að þeir hefði verið hér. Vatnsbrekka er fegursti staðurinn sem til er við vatnið, og þar er hægt til skógarhögg, útbeitar og veiðiskapar, svo að eigi mundi annars staðar betra.”

“Tóftabrot eru líka í Vatnsbrekkum, og mun einnig hafa verið þar býli.”

“Fornar rústir í vatnsbrekku á Setbergsbölum og í Kleifardal.”

“Vatnsbakki fyrir vestan Hestvík, við vatnið með Jórúkleif.”

Heimildir: Árb. 1899, 3-4; Ö-Nesjar, 4; Fornleifaskrá, 77; SSÁ, 192

ÁR-473:012 heimild Dyravegur leið

”Suður úr Foldadölur eru smáskörð og lyngmóar vestan við svokallaða Skriðu, sem er upp af miðdalnum. Þá er komið á Dyraveg, sem er þar suður úr og inn í Dyradal, sem er allur í Nesjalandi. Dyravegur var gamall lestavegur úr Grafningi til Reykjavíkur. Dyr eru austast í Dyradal, milli hamraveggja. Um þær liggur vegurinn.”

“Norðan við Vörðuskeggja er Skeggjadalur. Norður af honum kemur [svo] Sporhelludalur. Þeir bera nafn sitt af hellu, er heitir Sporhella. Erú í hellunni djúpar götur eftir hestafætur. Vestur frá Sporhelludölum er Dyradalur. Eftir honum liggur Dyravegur.” “Við vesturendann á Háhygg liggur Dyravegur. [...] Dyravegur lá í

gegnum [Litluvelli].”

Heimildir: Ö-Nesjar, 5; Ö-Hengill, 1; Ö-Nesjavellir-b, 4-5

ÁR-473:013 heimild stekkur
“Stekkur frá Nesjum var í Selklifi í Nesjavallalandi, frá gamalli tíð.”
Heimild: Ö-Nesjar, 6

ÁR-473:014 heimild Prestsgata leið
“Þar sem Stuttistígur var mjög erfiður niðurgöngu og jafnvel glæfralegur, fór presturinn aldrei Stuttastíg. Svonefnd Prestsgata var töluvert vestar en Stuttistígur. Þá var hreppavegurinn farinn lengra og farið yfir Jórugil ofar og þaðan niður með Jórugili að sunnanverðu og niður á Hestvíkursand. Prestsgatan var miklu betri leið og ekki eins brött, en lengri. Fyrir þessum götum sést móta ennþá, nokkuð vel.”
Heimild: Ö-Nesjar, aths+viðb, 4

ÁR-473:015 heimild Tindbrekka leið
“Fyrir neðan Jórusöðul (norðaustar) er brött brekka, sem kölluð er Tindbrekka, og um hana lá gömul leið sunnan úr Grafningi og út á Mosfellsheiði. Þar var kallað að fara Tindbrekku, og var hún einhver erfiðasti hjallinn á leiðinni. Þarna (í Jórusöðli) á Jóra að hafa setið fyrir ferðamönnum, eins og segir frá í þjóðsögum.”
”Tindaskarð heitir öðru nafni Jórusöðull. Tindbrekka er þar fyrir neðan; um Tindbrekku lágu ferðamannagötur.”
Heimildir: Ö-Nesjar, aths+viðb, 5; Ö-Nesjavellir-aths+viðb, 6

ÁR-473:016 heimild Kleifarsel sel
”Selstöður á jörðin í sínu eigin landi, kallaðar Kleifarsel, Klængssel og Vallasel.”
Heimild: JÁM II, 378

Kleifarsel gæti hafa verið þar sem tóftir eru í Kleifardal (ÁR-473:020).

ÁR-473:017 heimild Klængssel sel
“Selstöður á jörðin í sínu eigin landi, kallaðar Kleifarsel, Klængssel og Vallasel.”
Heimild: JÁM II, 378

ÁR-473:018 heimild Vallasel sel
“Selstöður á jörðin í sínu eigin landi, kallaðar Kleifarsel, Klængssel og Vallasel.”
Heimild: JÁM II, 378

Vallasel hefur sennilega verið þar sem Nesjavellir byggðust 1819

ÁR-473:019 heimild Nesjakot bústaður
“[Eyðibýli eru] Nesjakot í Bæjarnesi hjá Nesjum.”
Heimild: SSÁ, 192

ÁR-473:020 heimild Kleifardalur bústaður
Árið 1898 kannaði Brynjúlfur Jónsson rúsirnar í Kleifardal: “Þar eru tvær rústir allglöggvar. Önnur bæjartóft (eða seltóft), 9 fðm. löng og 2 1/2 fðm. breið, hefir dyr út úr suðvesturhorni. Við efri enda hennar var sem sæi á tóftarbrún, sem gæti verið hlöðutóft.[...] Hafi hér verið býli, þá hefi það verið hjáleiga frá Steinröðarstöðum (?) og síðar orðið, ásamt þeim, hjáleiga frá Nesjum.”
“Kleifardalur austan undir Jórutindi [...]”
Heimildir: Árb. 1890, 5; SSÁ, 192

Þetta eru sennilega sömu rústir og Kleifarsel (ÁR-473:016).

ÁR-473:021 heimild Vegghamrar bústaður
“Vegghamrar, útsuður undan Jórutindi [...]”
Heimild: SSÁ, 192

ÁR-473:022 heimild Botnadalur bústaður
"...svo getur og prestur [hjáleigunnar] Botnadals, en eigi hreppstjóri, né heldur nokkur jarðabók."

Heimild: JJ, 73

ÁR-473:023 heimild áningarstaður
"[Í Dyradal] var áð. Er þar góður áningarstaður, því að einn maður getur varið dyr dalsins, svo mjóar eru þær, en háir hamrar beggja vegna dalsins."

Heimild: GR II, 303

ÁR-473:024 þjóðsaga tröll
"Tindaskarð heitir öðru nafni Jórusöðull. Tindbrekka er þar fyrir neðan; um Tindbrekku lágu ferðamannagötur. Fyrir neðan Tindbrekkuna, í Nesjalandi, er Jórúhóll og Jórúhellir. Þarna á Jóra að hafa setið fyrir ferðamönnum", segir í örnefnalýsingu. Sigurður Vigfússon getur um örnefni kennd við Jóru í grein í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1880-1881. Hann skrifar: "Inn frá Nesjum er gljúfragil kallað "Jórugil", og þar hjá "Jórúhóll", enn upp frá langt heitir "Jórutindr". Hlíðin inn frá heitir öll "Jórúkleif"; hún er öll skógi vaxin og einkar fögr; hamrar niðr með vatninu, enn klettabelti að ofan. Þetta er allt kent við gömlu Jóru, og margar eru sagnir um hana, og margt fleira við hana kennt." Síðar í sömu grein segir hann frá tvímælum um hvar hin rétta Jórúkleif sé: "[...] sumir kalla Jórúkleif fyrir norðan Hengilinn það, sem heitir Dyravegr. Aðrir halda að hún sé sama og Klyftir (Sandklyftir) og það er first sanni; um það þarf ekki margt að tala, þvíáð Klyftir eru nefndar hér að framan við þingreið Þorgils Oddasonar; þær eru millum Ármannsfells og Meyjarsætis og hétu svo þá, og heita svo enn, enn Jórúkleif hafa þær aldrei heitið. Sú rétta Jórúkleif er hlíðin inn með Þingvallavatni fyrir innan bæinn Nes, [...] dregr hún nafn af Kleifinni bröttu eða einstiginu, er liggur upp á hlíðinni að sunnan. Sagan um Jóru sannar þetta að miklu leyti [...]. Þetta er aðalinntakið í sögunum um Jóru: Jóra var upprunalega bóndadóttir úr Flóa, enn trylltist og var ð óvættr og lagðist í gil nokkurt skamt frá Nesjum í Grafningi. Síðan lagðist Jóra á bygðina og ferðamenn, er kómu sunnan og vestan. Var þá ráðið að leita til Noregskonungs. Konungr lagði það til, að leita fundar við Jóru á Hvítasunnunótt, þvíáð þá myndi óvættrin sofa á grúfu. Konungr fékk manninum öxi í hendr heldr bitrlega, enn léta hana eigi vera allfasta á skaftinu. Maðrinn sat um Jóru á Hvítasunnunótt, og liggur hún þá í dái á grúfu; hjá hann til Jóru, svo að öxin sökk að hamri og stóð föst, enn Jóra vaknaði og eigi við góðan draum og mælti: "Hendrnar fastar við skaftið", segir hún; þá sagði maðrinn: "Fari þá öxin fram af". Hvorttveggja varð að áhrinsorðum, Jóra tók þá á rás og hljóp í Þingvallarvatn með öxina í sárinu, og hefir hennar ei orðið vart síðan. [...] Þó að þetta sé vættasaga, sýnir hún, að menn hugsuðu sér þetta við Þingvallarvatn, enn hlíðin er sem barmr inn með. alleinkennileg með skógi vöxnum geirum upp undir klettinn. Jórúkleif er gamalt örnefni. Harðarsaga Grímkelssonar nefnir hana á tveim stöðum og kveðr að skýrt, að hún sé á þessum stað."

Heimildir: Ö-Nesjavellir-ath+viðb, 6; Árb. 1880-81, 20; 42- 43 + nmgr.

ÁR-474 Nesjavellir
Nýbýli úr Nesjalandi, fyrst byggt 1819.

1918: Tún 4,3 ha., slétt. Matjurtagarðar við bæ og fjárhús alls 1017 m². 1977: Tún 28,5 ha.

ÁR-474:001 bæjarhóll bústaður
"Eftir frásögn Odds heitins Snorrasonar eru Nesjavellir byggðir úr Nesjalandi 1817. [Þorleifur Guðmundsson bóndi á Nesjum byggði] neðst á Völlunum, og norðast næst hrauninu. Stóð bærinn þar, þangað til Grímur, sonur hans, flutti bæinn nærri efst á Vellina."

"Rústirnar rétt við veginn, þ.e. aðalakveginn suður Grafning, segir Guðmundur ekki hafa verið nefndar neinu sérstöku nafni, en álitur, að Nesjavallabærinn hafi fyrst verið

byggður þar [...].”

Heimildir: Ö-Nesjavellir-a, 3; Ö-Nesjavellir-b, 3

ÁR-474:002 bæjarhóll bústaður

“Eftir frásögn Odds heitins Snorrasonar eru Nesjavellir byggðir úr Nesjalandi 1817. [Þorleifur Guðmundsson bóndi á Nesjum byggði] neðst á Völlunum, og norðast næst hrauninu. Stóð bærinn þar, þangað til Grímur, sonur hans, flutti bæinn nærri efst á Vellina. Þar var nóg vatn að fá. Árið 1942 (?) var bærinn enn fluttur, þangað sem hann stendur nú.”

Heimild: Ö-Nesjavellir-a, 3

ÁR-474:003 heimild útihús

Heimild: Túnakort 1918

ÁR-474:004 heimild útihús

Heimild: Túnakort 1918

ÁR-474:005 heimild útihús

Heimild: Túnakort 1918

ÁR-474:006 heimild Gamlistekkur stekkur

“Norður af Skútubrekku er Litluvellir. Þar norður af er Hjallatorfa. Þar austur af eru Stekkjarhöfðar og Gamlistekkur suðastan við auindir Stekkjarkletti, þar sem nú eru beitarhús.”

“Gamlistekkur var notaður til að stífa á vorin. Guðmundur telur, að 80 ár (miðað við 1970) muni liðin frá því, að hætt var að færa frá.”

Heimildir: Ö-Nesjavellir-a, 2; Ö-Nesjavellir-b, 3

ÁR-474:007 heimild Gjáin uppsátur

“Með Þingvallavatni eru þessi örnefni í Nesjavallalandi. Norðast Þorsteinsvík, þá Gjáin (bátalega).”

Heimild: Ö-Nesjavellir-a, 1

ÁR-474:008 örnefni Selklettur sel

“Norðaustur af Stekkjarklett eru Selklettur.”

Heimild: Ö-Nesjavellir-a, 2

Á þessum stað mun hafa verið haft í seli frá Nesjum.

ÁR-474:009 heimild Gjáarhús beitarhús

“Örnefni austur og suðaustur af Nesjavöllum: [...] Eystri gjá; vestan við hana standa beitarhús (Gjáarhús)...”

Heimild: Ö-Nesjavellir-a, 2

ÁR-474:010 heimild leið

“Austur af Dyrnum er Sporhellan, móbergshellur með niðurgröfnum götuslóðum í móbergið, frá þeim tímum, er lestavegur lá úr Grafningnum, um Dyradal, til Reykjavíkur.”

Heimild: Ö-Nesjavellir-a, 3

Þetta er framhald ÁR-473:012 til austurs

ÁR-474:011 heimild leið

“Norðaustur í Hryggjum eru Rauðuflog. Þar lá lestavegur um þau til Dyradals.”

Heimild: Ö-Nesjavellir-a, 3

ÁR-474:012 örnefni Skjólkvíarskúti kvíar

“Örnefni austur og suðaustur af Nesjavöllum: [...] Eystri gjá; vestan við hana standa

beitarhús (Gjáarhús), og Vestrigjá liggur frá Skjólkvíarskúta og endar norðan við veginn, þar sem hann liggur nú til Hagvíkur.”

Heimild: Ö-Nesjavellir-a, 2

ÁR-474:013 heimild Þjófahellir fjárskýli

“Sunnarlega í Selklettum er Þjófahellir, með hleðslum.”

“Hellisskúti er í Selklettum og heitir Þjófahellir. Mátti þar hafa 30-40 sauði. Ekki var haft þar neitt hey handa sauðunum. Nokkuð hefur fallið úr bjarginu síðar.”

Heimildir: Ö-Nesjavellir-a, 3; Ö-Nesjavellir-b, 3

ÁR-474:014 heimild Nesjavallarétt rétt

“Nesjavallarétt var jafnan meðal heimamanna kölluð “réttin”.”

Heimild: Ö-Nesjavellir-b, 3

ÁR-474:015 heimild Skógarhóll huldufólksbústaður

“Skógarhóll er í Nesjavallalandi, nálægt vatninu. Skógarhóll er bústaður huldufólks. Þar sáu þau ljós Grímur og Geirlaug, börn Jóhanns, systkini Guðmundar [Jóhannssonar]. Nálægt Skógarhóli komst Hafsteinn Björnsson miðill í fjárhóp huldufólks, en skildi í tæka tíð, að tilgangslaust ar að ætla sér að reka þetta fé heim að Nesjum. Síðar hlaut Hafsteinn þakkir fyrir frá huldufólkinu.”

Heimild: Ö-Nesjavellir-b, 4

ÁR-474:016 heimild huldufólksbústaður

“Hryggir í Dyrafjöllum: Í Botnadal er huldufólkskirkja sú, sem Hafsteini Björnssyni var boðið í til messu.”

Heimild: Ö-Nesjavellir-b, 4

ÁR-474:017 heimild lambhús

“Austur við hraunjaðarinn var Lambhús, sem búið er að rífa fyrir löngu síðan.”

Heimild: Ö-Nesjavellir-aths+viðb, 3.

ÁR-474:018 heimild áveita

“...vestri helmingur Vallanna [var] kallaður Áveitur. Laugalækurinn flæddi þar oft yfir og var veitt út um Vellina...”

Heimild: Ö-Nesjavellir-aths+viðb, 4

ÁR-474:019 heimild Selskarð leið

“Selklettur eru nokkuð hár hraunkambur, sem nær frá Vallarskarði og að Selklifi, sem er norðaustast í Selskarðinu. Um Selskarð liggur gamli vegurinn frá Nesjavöllum og er notaður ennþá.”

Heimild: Ö-Nesjavellir-aths+viðb, 5

ÁR-474:020 heimild kálgarður

“Í námunda við [Brauðhver eða Brauðholu] var lítill kartöflugarður og grjóttgarður í kring.”

Heimild: Ö-Nesjavellir-aths+viðb, 6

ÁR-474:021 heimild túngarður

“Þegar [Grímur bóndi á Nesjavöllum] kom heim undir túngarð á Nesjavöllum, sprakk hesturinn undir honum, en Grímur komst til bæjar og var þá óður.”

Heimild: Gráskinna I, 242

ÁR-475 Ölfusvatn

34 1/3 hdr.1847. Skálholtsstólsjörð. Getið í Harðarsögu, Sturlungu (1243). Jörðin hefur verið í eyði síðan 1947.

1918: Tún 5,3 ha, að mestu slétt. Matjurtagarðar 582 m². "Þverárdalur út við Hengil er mýrlendur að hluta; skiptast síðan á melar með vallendis- og mosagrónum dölum og dalverpum en brekkur eru víða klæddar nokkrum tegundum lyngs og víðis.

Kringlumýri er slægjuland þar sem veitt hefur verið á. Stóriþaugur er nef í ánni sem hún hljóp yfir í vetrarleysingum og þótti hey þaðan vera töðu ígildi." SB III, 264.

ÁR-475:001 bæjarhóll bústaður
Árið 1989 kannaði Guðmundur Ólafsson fornleifarfræðingur rústir á Ölfusvatni vegna fyrirhugaðrar vegagerðar. Hann segir um bæjarhólinn: "Innangengt virðist hafa verið úr bænum í fjósið, sem var bakatil við bæinn. Mókofi var nyrst í húsaröðinni og sneri gaflí fram á hlað."
Heimildir: Túnakort 1918; Guðmundur Ólafsson 1991

ÁR-475:002 heimild kirkja
1706: "So segja menn að hjer hafi að fornu kirkja verið, sjást enn nú merki kirkjugarðs og leiða, og er þar nú skemmuhús, sem kirkjan skyldi staðið hafa. Enginn man hjer hafi tíðir fluttar verið."
Heimild: JÁM II, 378.

ÁR-475:003 heimild útihús
Heimild: Túnakort 1918

ÁR-475:004 heimild útihús
Heimild: Túnakort 1918

ÁR-475:005 heimild útihús
Heimild: Túnakort 1918

ÁR-475:006 heimild sel
"Selstaða er í eigin landi."
"[...] margar eru [selstöður] so nærri, að litlum hagmun sýnist numið geta. Ein var samt tekin upp í fyrra frá Ölfesvatni og aftur brúkuð í sumar; mun það því ekki hafa skaði þókt."
Heimildir: JÁM II, 378; SSÁ, 182

Sels frá Ölfisvatni er getið í Sturlungu er Björn Dufgusson og menn hann leituðu þar uppi Þorstein Guðinason, sem eignað var banasár Snorra Sturlusonar, og handhjuggu hann utan við selið - Sturl, 491.

ÁR-475:007 heimild stekkur
"Frá hálsendanum liggja mörkin til norðurs, niður að Þingvallavatni, um svonefnd Rennsli, austan Stekkjarnefs, sem skagar svolítið út í vatnið. Stekkur er vestan við nefið, alveg við vatnið."
Í önefnalýsingu Hagavíkur er stekkurinn nefndur: "Vestan við [Stekkar-] nefið er lítið vik, sem heitir Stekkjarvík. Við þetta vik var einu sinni stekkur frá Ölfusvatni, sem grafið var fyrir inn í bakkann og hlaðnir upp veggir með grjóti og hrís þar ofan á til að hækka veggina. Þá mun hafa verið nóg af birki þarna í kring. Nú er þessi stekkur næstum horfinn, sennilega vegna ölduróts frá Þingvallavatni."
Heimildir: Ö-Ölfusvatn-a, 1; Ö-Hagavík, 1

ÁR-475:008 tóftir Gamlasel sel
"Krosshóll og Selhóll norðan við Gamlasel tilheyra báðir Ölfusvatnshólum. Milli Klettagrófar og Gamlasels er brött brekka með dálitlum skriðum, sem nær alveg niður að ánni og hár bakki neðst. Eftir þessum bakka lágu suðurferðargöturnar og voru kallaðar Tæpur. Fyrir vestan Tæpur norðan árinna er Gamlasel undir Selhól. - Gamlasel er undir Selhólum að sunnan. Þar er hvammur með tóftum."
Heimild: Ö-Ölfusvatn-a, 3

ÁR-475:009 heimild Tæpur leið
"Milli Klettagrófar og Gamlasels er brött brekka með dálitlum skriðum, sem nær alveg niður að ánni og hár bakki neðst. Eftir þessum bakka lágu suðurferðargöturnar og voru

kallaðar Tæpur.”

“Ýmsar ferðamannagötur voru farnar frá Króki, svonefndar suðurferðaleiðir. Gamli suðurferðavegurinn lá fyrst norður gamla túnið vestan Vatnsdals og um svonefnt Grímstún. [...] Síðan lá vegurinn (eða göturnar) norður um Króksskarðsflöt og Króksskarð sbr ÁR-477:012] og þá til vesturs, meðfram Víðihlíð og yfir Ölfusvatnsána, um Lághálsendann, sem er í Ölfusvatnslandi, og meðfram Ölfusvatnsánni út í svonefnt Moldarklif, en þar byrja Ölfusvatnsárgljúfur. Þaðan liggja göturnar meðfram gljúfrunum, milli þeirra og Stapafells, og áfram til suðvesturs um Þverárdal og Ölkelduháls og í Brúnkollublett [...] og síðan milli hrauns og hlíða vestur að Kolviðarhóli.”

Heimildir: Ö-Ölfusvatn-a, 3; Ö-Krókur, aths+viðb, 8

ÁR-475:010 tóft Nýjasel sel
”Suðaustur af Mælifelli, við ána þar sem Gljúfrin enda, er Nýjasel og Seltungur meðfram ánni.”

“Nýjasel er austan undir Mælifelli, fyrir suðvestan Löngugróf. [Selið] var líka frá Ölfusvatni. Seltungur [...] eru þar skammt frá. Þær liggja meðfram Ölfusvatnsánni, bugður út í ána. Fyrir selinu sést ennþá.”

Heimildir: Ö-Ölfusvatn-a, 3; Ö-ÖHK, aths+viðb, 1-2.

ÁR-475:011 álagablettur
“Gamlasel er undir Selhólnum að sunnan. Þar er hvammur með tóftum. Þar má ekki taka hrís. Varð Gísla bónda Magnússyni í Króki það á, og varð það til þess, að ábúandinn á Ölfusvatni, Gísli Þórðarson, missti fjóra stórgripi þetta sama ár, og var það kennt álögunum fornu.”

Heimild: Ö-ÖHK, 2.

ÁR-475:012 heimild rétt
“Beggja megin við veginn rétt vestan við brúna á Ölfusvatnsá eru Kapladalir, Heimri- og Ytri-Kapladalur. Í Ytri-Kapladal er gömul rétt.”

Heimild: Ö-ÖHK, 2

ÁR-475:013 heimild landamerki
“Merkisteinn á Krókagarðsflöt er skammt vestan við Hellutak. Hann er stórt bjarg, eitt af gömlu Grettistökuum.”

Heimild: Ö-ÖHK, 2

ÁR-475:014 heimild leið
“Skörðin, þar lá gamli hreppavegurinn.”

Heimild: Ö-ÖHK, 2

ÁR-475:015 gerði Grímkelsgerði legstaður
Friðlýstar minjar

Í fornleifaskýrslu Páls Þorlákssonar prests á Þingvöllum til konunglegu fornleifanefndarinnar 1817 segir: “Í Sudurátt af Hoftoft er ennú sér giörla til á Ölvisvatni mótar til Gárdisnockurs, og er í því hérumbil 4 Fadma laung Þúfa frá nordre til sudurs, er menn kalla nú Grímkéls leide.”

1877: “Straks neder for (sydöst for) hovhuset er en ved sporene af et gammelt grastörvsgærde indhævet del af tunet kaldet Grímkelsgærde (Grímkelsgerði), her findes i den vestlige udkant tæt ved huset en stor aflang tue, Grímkelslejde (Grímkelsleiði), hvor altså Grímkel skulde være begravet.”

1898: “Grímkelsgerði heitir forn girðing þar austur á túninu, hér um bil 1 dagsláttu að stærð. Suðvestast í henni er sýnt leiði Grímkels. Það er þúfa mikil, nær 5 fðm. löng og nær 1 fðm. á breidd við suðurendann, en mjó í norðurendann, og um 2 al. á hæð.”

“Grímkelsgerði er í suðvestur frá bænum í um 130 metra fjarlægð. Sjást þar ógreinilegar minjar hringlaga torfgarðs. Grímskelsleiði (dys) er stór þúfa nyrzt í Grímkelsgerði. Var dysin friðlýst af Matthíasi Þórðarsyni fornminjaverði.” segir í örnefnalýsingu.

Í frásögn Sigurðar Vigfússonar í Árbók 1880-81 segir: “Þar fyrir neða [Hofhús] skamt í landsuðr, er svo kallað “Grímkelsgerði” með fornum garði digrum, vallgrónum; gerðið er stórt sem kýrvöllr. Rétt við garðinn inni í gerðinu skamt frá Hofhúsinu, [...] er þúfa stór í túninu, sem kölluð er “Grímkelsþúfa”; hún er 28 feta löng, enn 8 fet á breidd, snýr í norðr og suðr, og mjórri í norðrendann, afbrugðin öðrum þúfum þar í nánd. Þetta stendr heima við Harðar sögu Grímkelssonar [...]: “ok var hann jarðaðr suðr frá garði”. Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur hefur eftir heimildamanni í skýrslu um fornleifar á Ölfusvatni 1989 að “leiði Grímkels hefði verið þekkt áður fyrr, en nú vissu líklega fáir eða enginn um það.”

Heimildir: KK 1877; BJ 1898; FF, 219-220; KK II, 89-90; Árb. 1880-81, 19; Árb. 1899, 2; Ö-ÖHK, 2; Fornleifaskrá, 77; Guðmundur Ólafsson 1991.

ÁR-475:016 gerði Stöðulgerði
“Í túninu á jörðinni Ölfusvatni eru fjögur “gerði”. Grímskelsgerði, Stöðulgerði, Utastagerði í hlíðinni nær fjallinu og Heimastagerði. Ef til vill eru þetta gömul kornræktarlönd [...]”

Heimild: Ö-ÖHK, 2

ÁR-475:017 gerði Utastagerði
“Í túninu á jörðinni Ölfusvatni eru fjögur “gerði”. Grímskelsgerði, Stöðulgerði, Utastagerði í hlíðinni nær fjallinu og Heimastagerði. Ef til vill eru þetta gömul kornræktarlönd [...]”

Heimild: Ö-ÖHK, 2

ÁR-475:018 gerði Heimastagerði
“Í túninu á jörðinni Ölfusvatni eru fjögur “gerði”. Grímskelsgerði, Stöðulgerði, Utastagerði í hlíðinni nær fjallinu og Heimastagerði. Ef til vill eru þetta gömul kornræktarlönd [...]”

Heimild: Ö-ÖHK, 4

ÁR-475:019 heimild Hofhús/Hofkofi fjárhús
Í fornleifaskýrslu Páls Þorlákssonar prests á Þingvöllum til kongunglegu fornleifanefndarinnar 1817 segir að enn sjáist gjörla til hoftóftarinnar á Ölfusvatni: “Í Sudurátt af Hoftoft er ennú sér gjörla til á Ölfusvatni...[...] Eins og áður er um gétid vottar þar til Hoftoptar í nordur af svokolludu Grímkels leide er vera skal það sama Hof, sem Grímkell brende, og etur um í Holmveria Sögu. Rústernar edur Hríngurinn er nú ummáls 30 Fadmar og standa þar víða Steinar uppur.”

1877: “... på Ölfesvatn ... havde [Grímkell] et gudehus, der i sagaen kaldes Torgerd hörgabruds hov, men som dog også ses at have indeholdt billeder af de andre guder. ... Spor af dette gudehus men syd for gården er i tunet en lav høj Hovhol (Hofhóll) hvorpå der står et fårehus, der af stædet bærer navnet “Hofhús”; her skal gudehuset have stået.” SV 1880: “Úti á túninu spottakorn fyrir útsunnan bæinn er fjárhús, sem stendr á flötum hól, bygt fyrir hér um bil 30 árum; það heitir nú “Hofhús”. Steinar höfðu verið þar upp úr í húsið, og þó vóru steinar eftir niðri; þar sást fyrir vegg eða hleðslu, enn nú verðr ekki í neitt ráðið, síðan húsið var bygt.”

1898: “Eitt af fjárhúsum þeim, er standa í túninu á Ölfusvatni, er kallað Hofhús. Þar á hofið Grímkels að hafa staðið, og er sem upphækkun undir húsinu.”

“Hofkofi er gömul fjárhústóft, rétt norðan við Grímkelsdys. Munnmælasögur segja að þar hafi verið hof í heiðni. Matthías Þóðarson taldi líklegra, að það mynda hafa verið í hól utan (vestan) við túnið, er ber í Tindgil. Sæmundur Gíslason telur að þarna hafi verið gömul fjárborg.”

Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur segir í skýrslu um fornleifar á Ölfusvatni: “Fjárhústóft var í túninu suður af gamla bæjarstæðin, allhár hól. Þar heitir Hofkofi, og er að sögn staðurinn þar sem hof á að hafa staðið til forna.”

Heimildir: SV, KK; BJ 1898; FF, 219-20; KK II, 89; Árb. 1880-81, 19; Árb. 1899, 2; Ö-ÖHK, 4; Guðmundur Ólafsson 1991.

ÁR-475:020 heimild blótsteinn

Friðlýstar minjar

Í fornleifaskýrslu Páls Þorlákssonar prests á Þingvöllum til kongunglegu fornleifanefndarinnar 1817 er segir: “Á Ölvisvatni í Grafningi hefur í fyrri daga Kyrkia verið, og sér þar ennú til Kyrkiugards, þar hefur svo leinge menn til vita stadid Steirn í Sáluhlíde, sem mælt er vera mune frá Páþiskri Öld, og géta sumir til að hann mune stadid hafa fyrir Kirkiudyrum með vígdu Vatne aðdrir að hann hafe verið brukadur fyrir Skymar-font. - Steirninn er á Hæd 1 al dönsk með 5 köntum herum 9 þuml. breidum - I ödrum Enda hans er Bolli Krínglöttur 9 1/2 þuml: vídur og 4 þuml. diúpur.”

1839: “Búðartóftir eru hér nógar í kring og dómhringir 2r, að eg hygg, annar á Ölvesvatni, er nokkrir meina, að séu gamlir blótþollar. Þeir eru nærfellt hestklyf á þyngd, en það hola í þeim (concauum) hygg eg taki hér um 4 eða 5 merkur, og er það laglega holað, en utar eru þeir allt ólögulegri.”

1877: “Hjemme ved gården ligger en ikke høj firkantet stenblok, hvori der findes en fadformig fordybning, omtrent fod I tværmål, en anden lignende, men større, skal for øjeblikket være benyttet som grundsten I en af gårdens vægge; om den sidste siger man, at den I sin tid har stået foran den der daværende kirke. Men I øvrigt kaldes de her som andetsteds “blotstene” (blótsteinar) og antages at have hørt til de gamle gudehuse og været benyttede ved offringene.”

Sigurður Vigfússon skrifar um blótsteininn í Árbók 1880-81: “Steinn einn er þar í bænum, sem er kringlótt og nokkuð flatr, hér um bil 2 fet að þvermáli; ofan í hann er bolli kringlótt, sem er auðsjáanlega höggvinn með nokkurn veginn þvergníptum börmum og nokkurn veginn sléttum botni, og er 10 þuml. að þvermáli og 3 á dýpt. Annar steinn er þar og til, sem eg gat þó ekki séð, þar eð hann mun vera í kjallara undir timbrhúsi í undirstöðu neðan til, enn að honum gat eg ekki komizt, því að kjallarinn var fullr af ýmsum hlutum. Þessi steinn er sagðr sýnu betri en hinn fyrri, hann er stærri, hér um bil knéhár eða meira og með dýpra bolla ofan í; ferskeytt er hann sagðr og líkastr því, sem hann væri sagaðr af enda á ferstendur tré. Einn var enn til áðr; hann var minstr og líkastr þessum fyrtaða, enn finst nú ekki. Eg beiddi húsfreyjuna eða ekkjuna, sem þar býr, að reyna að ná þessum steini, sem sagðr er að vera í kjallaranum, og geyma þá báða vandlega, þar sem þeir gæti verið til sýnis, og tók hún vel undir það.”

BJ 1898: “Bollasteinn er á hlaðinu á Ölfusvatni. Hann er úr “doleríti” og er rúml. 1 al. á hæð, 3 kvart. í þvermál á annan veg en 2 1/2 kv. á hinn. Bollinn nær 9 þuml. á vídd og 5 þuml. á dýpt. Hann er auðsjáanlega mannaverk.”

“Hlautsteinn með bolla stendur í hlaðinu á Ölfusvatni. Sæmundur segir, að steinninn hafi um tíma verið notaður í hleðslu í bæjarhúsavegg. (Steinn þessi kann að vera úr hofi Þorgerðar hörgabrúðar, er var að Ölfusvatni í heiðni, svo sem getið er í sögu Harðar Hólmverjakappa Grímkelssonar. Steinninn er nú friðlýstur og hefur varðveitt vel.[...]).” segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: FF, 220; SSA, 190; KK II, 89; Árb. 1880-81, 19-20; Árb. 1899, 3; Ö-ÖHK, 4; Fornleifaskrá, 77

ÁR-475:021 örnefni Húsadalur

“Ytra-Bæjarfjall er nafn á öðru Ölfusvatnsfjallinu. Eystra-Bæjarfjall er nafn á hinu fjallinu. Húsadalur heitir slakkinn milli fjallanna. Liggur hann í útnorður frá bænum.”

Heimild: Ö-ÖHK, 4

ÁR-475:022 heimild Geitastígur leið

“Geitastígur er götuslóði vestur að Hagavík norðan í Ytra-Bæjarfjallinu.”

Í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu segir “Geitastígur var [...] leiðin, fyrir norðan fjallið. Stundum var hann ófær af snjó; þá var Skálamelur farinn. Þegar Geitastígsgötturnar voru farnar og komið var austur fyrir Líkatjarnarhálsinn og þaðan Geitastíginn, var þar melhryggur, töluvert gróinn, sem náði frá lækjarfarvegi, sem er austan undir Líkatjarnarhálsi og að Geitastíg. Hann var kallaður Grandi; menn fóru Grandann.”

Heimildir: Ö-ÖHK, 4; Ö-ÖHK, aths+viðb, 4

ÁR-475:023 heimild kvíar

“Stöðullinn er fyrir sunnan túnið við túnjaðarinn skammt frá Grímkelsgerði.”

Heimild: Ö-ÖHK, 5

ÁR-475:024 heimild mógrafir
“Mógrafirnar eru rétt austan við túnið í Bæjarmýrinni, milli túnsins og Eystra-Bæjarfjallsmúlans.”

Í viðbótum og athugasendum við örnefnalýsinguna segir: “Sæmilegur mór var tekinn í Bæjarmýrinni. Hann var nokkrar stungur, fjórar stungar niður á hann. Mórinn var ca. 1.50 m niður. Þarna var alltaf tekinn mór. Stundum var tekinn mór þarna frá Hagavík.”

Heimild: Ö-ÖHK, 5; Ö-ÖHK, aths+viðb, 2

ÁR-475:025 heimild fjárskýli
“Hellir eða Hellishóll er við austurenda Eystra-Bæjarfjallsins. Þar var áður fjárbyrgi og heygarður.”

Heimild: Ö-ÖHK, 5

ÁR-475:026 heimild heygarður
“Hellir eða Hellishóll er við austurenda Eystra-Bæjarfjallsins. Þar var áður fjárbyrgi og heygarður.”

Heimild: Ö-ÖHK, 5

ÁR-475:027 heimild Bátanaust naust
“Naust á Lambhagaheiði við vatnið að norðanverðu. Naustavík, bústaður. Naustapollur er utan við Naustin; þar er djúp renna að landi, en grynningar og sker skammt norðaustan við er hættuleg, einnig grynningar vestan við naustin.”

Í viðbótum og athugasendum segir að naustin hafi verið nefnd Bátanaust, þar hafi bátar verið dregnir upp.

Heimildir: Ö-ÖHK, 5; Ö-ÖHK, aths+viðb, 2

ÁR-475:028 örnefni Gildruklettar refagildra
“Gildruklettar eru austan Eiðisins á Lambhaga norðanverðum á vatnsbakkanum og í vatninu.”

Heimild: Ö-ÖHK, 6

ÁR-475:029 heimild heygarður
“Djúpavík er víkin austan við Gildrukletta. Heygarður frá því fyrir aldamótin síðustu er á bakkanum ofan við Djúpuvík.”

Heimild: Ö-ÖHK, 6

ÁR-475:030 garðlag vörslugarður
“Torfgarður. Forn torfgarður, líklega til að girða af Lambhaga, liggur þvert yfir Lambhagann frá Þingvallavatni norðaustan Eiðisins sunnan við Einbúa að Ölfusvatnsvík. Garður þessi er nú mjög siginn í jörð og grasi gróinn og veitir engri skepnu viðnám. Hann er um 500 metra langur og hefur verið mikið mannvirki á sinni tíð.”

Heimild: Ö-ÖHK, 6

ÁR-475:031 örnefni Tóttarbakki
“Tóttarbakki, norðan við ána (vestan við ána, sagði Sæmundur.)”

Heimild: Ö-ÖHK, 6

ÁR-475:032 álagablettur Höggorrustubakki
“Höggorrustubakki, fyrir sunnan á (fyrir austan á, segir Sæmundur). Hann var aldrei sleginn.”

Heimild: Ö-ÖHK, 7

ÁR-475:033 heimild
Friðlýstar minjar

“Jarðfastur grágrýttissteinn með áletruninni VES+1736 er í túninu suðaustan við gamla fjárhústöft, nærri hulinn jarðvegi.”

Heimildir: Ö-ÖHK, 7; Fornleifaskrá, 77.

Þetta er sennilega sami steinn og blótsteinninn (ÁR-475:020)

ÁR-475:034 heimild Skálamelur leið
“Á milli Ölfusvatns og Hagavíkur lágu tvær leiðir: Skálamelur og Geitastígur. Sunnan í Vestra-Ölfusvatni (eða Ölfusvatnsfjalli Ytra) eru Skálar og milli þeirra og Tjarnarkrika er hár melur, Skálamelur. Brík er að framan líka. Talað var um að “fara Skálamel”.

Heimild: Ö-ÖHK, aths+viðb, 3-4

ÁR-475:035 brunnur brunnur
”Brunnur var fyrir ofan Hremsta-Hengladal, gerður af manna höndum, ölkelda. Sterkt bragð, sóðabragð, var af vatninu. E.t.v. hefur verið meira um slíkt á Ölkelduhálsi áðir. Þetta hefur verið drukkið hér áður fyrr. Lækir voru rauðir þarna á hálsinum”.

Heimild: Ö-ÖHK, aths+viðb, 3-4

ÁR-475:036 heimild vað
“Best vað á [Ölvesvatnsá] hygg eg undir Ölvesvatnstún, þá hún er mikil.”

Heimild: SSÁ, 179

ÁR-475:037 heimild fjárskýli
Árið 1989 kannaði Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur rústir á Ölfusvatni vegna fyrirhugaðrar vegagerðar, en vegarstæðið átti að liggja yfir hól þar sem rústaleifar voru taldar vera. Í lýsingu Guðmundar segir: “Í ljós kom að í stórþýfðum móa, um 300 m suðsuðvestan við gamla bæjarstæðið, voru leifar af hringlaga fjárborg, sem lent hafði innan veglínunnar. Tóftin rís um 1,5 m upp yfir þýfið umhverfis og er um 4,2 x 4,7 m breið að innanmáli. Veggirnir eru tæplega 1 m breiðir og um 0,3 - 0,4 m háir að innanverðu, en að utanverðu hallar þeim með nokkrum fláa niður á jafnsléttuna. Rof var í vegginn til vesturs. Líklega eru þarna eldri byggingarleifar undir þeirri fjárborg sem nú sést.” Í framhaldi af könnun Guðmundar varð samkomulag um að flytja vegarstæðið þannig að vegurinn lægi um 10 m vestan við rústina, en færi ekki gegnum hana.

Heimild: Guðmundur Ólafsson, 1991.

ÁR-475:038 heimild túngarður
Á uppdrætti Guðmundur Ólafssonar fornleifafræðings frá 1989 er sýndur túngarður umhverfis heimatúnið.

Heimild: Guðmundur Ólafsson, 1991

ÁR-475:039 heimild útihús
Á uppdrætti Guðmundar Ólafssonar fornleifafræðings af bæjarstæðin Ölfusvatns frá 1989 er sýnd tóft við túngarðinn sunnan við bæinn.

Heimild: Guðmundur Ólafsson, 1991

ÁR-476 Hagavík

Hjáleiga Ölfusvatns. Getið í Harðarsögu. Talin minna en þriðjungur heimajarðarinnar 1847. Skógræktarbýli.

1918: Heimatun 2,6 ha og gerði 0,3 ha. Slétt að mestu. Matjurtagarðar 525 ha. "Sléttlendi er lítið en samfelldast á Hagavíkurvöllum milli Stangarháls og Lómatjarnarháls. Vellirnir eru nú rofnir af völdum leysingavatns sunnan úr Hengli. [...] Tún var lítið í Hagavík. Víða þurfti að bera niður og voru slægjur jafnvel sóttar í austurhlíðar Stapafells og Þverárdalsmýrar. [...] Hrossum var stundum komið fyrir utan sveitar og goldið fyrir með murtutunnu. Veiðin í vatninu var því önnur máttarstöð hins hefðbundna búskapar. Árið 1946 var mikill hluti jarðarinnar friðaður, um 500 ha. Um þriðjungur er lítt gróinn eða örfoka og rofabörð mörg." SB III, 263.

- ÁR-476:001** bæjarhóll bústaður
 “Hagavíkurbærinn stóð upp af norðvesturhorni Hagavíkur, austan við þjóðveginn sem nú er. Þar er nú sléttað yfir, og sést ekki móta fyrir tóttum.”
 Heimild: Ö-Hagavík, 1
- ÁR-476:002** heimild útihús
 Heimild: Túnakort 1918
- ÁR-476:003** heimild útihús
 Heimild: Túnakort 1918
- ÁR-476:004** heimild Hagavíkurlindir vatnsból
 “Fyrir botni Hagavíkur er Hagavíkursandur, venjulega kallaður Sandurinn. Vestur og upp af Sandinum eru Lindirnar eða Hagavíkurlindir. Þar rétt hjá er hús doktor Bjarna Helgasonar.”
 Heimild: Ö-Hagavík, 3
- ÁR-476:005** gata Snið leið
 “Suðvestur af bænum eru gamlar götur, sem liggja á ská upp hálsinn, kallaðar Snið. Um Sniðið var oft farið áður fyrr.”
 Heimild: Ö-Hagavík, 5
- ÁR-476:006** heimild Bæjarlind vatnsból
 “Fyrir neðan Sniðið, undir Túnbrekkunni, var Bæjarlindin.”
 Heimild: Ö-Hagavík, 4
- ÁR-476:007** heimild traðir
 “Áður lá akbrautin austan við bæinn, um Bæjardal, sem er dálítill kriki norðaustan við bæjarhúsin, um Bæjarsundið og Traðirnar niður að Bæjarvíkinni.”
 Heimild: Ö-Hagavík, 4-5
- ÁR-476:008** heimild Álfaklettur huldufólksbústaður
“Markavarða: Varða hlaðin úr jörð í mýrinni norðaustur af Reykjamóvelli. Þar mætast girðingar nú.”
Heimild: Ö-Reykjatorfan, 5

ÁR-516:017 heimild leið

“Múlakvos: Krókurinn þar sem múlinn kemur að fjallinu, mót austri. Þar skiptust götur, önnur lá yfir múlann en hin niður með honum austanverðum.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 5

ÁR-516:018 heimild leið

“Múlakvos: Krókurinn þar sem múlinn kemur að fjallinu, mót austri. Þar skiptust götur, önnur lá yfir múlann en hin niður með honum austanverðum.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 5

ÁR-516:019 heimild stekkur

“Kross-Stekkatún: Grasflöt undir kletti við lækinn, syðst í Miðmúla, sér enn fyrir stekknunum.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 5

ÁR-516:020 örnefni Grænutættur

“Grænutættur: Þýfður mói vestan Kliflækjar, gegnt Reykjamóvelli.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 5

ÁR-516:021 heimild Stekkjarhóll stekkur

“Stekkjardalur: Hærri hóll norður af Austastahól [...]”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 5

ÁR-516:022 heimild leið

“Stekkjardalur: Hærri hóll norður af Austastahól, norðan við hann lá gata. Miðhóll: Vestur af Austastahól. Gatan lá vestan hans, upp úr litlu gili og beygði til austurs norðan hólansins.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 5

ÁR-516:023 örnefni Draughóll draugur

“Draughóll: Hóll niður við Varmá vestan Vallalækjar.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 5

ÁR-516:024 heimild áningarstaður

“Djúpidalur: Hvilft í fjallabrunina vestan Litla-Múla, norðaustur af Ölfusb. Í Djúpadal er steinn, sem er var í götubakkanum þegar ég man fyrst eftir honum. Ofan á hann var mótað sæti, svo sem eins og í stólsetu. Í Örn-Reykjatorfan, var sagt að steinninn væri mótaður af því að kirkjufólk hefði sest á hann, þegar það fór til kirkju að Reykjum. Hann var þá hæfilega hátt sæti þar sem hann stóð í götubakkanum. Nú hefur steinninn færst til og grafist í sand, en þó enn sýnilegur (Jan. 1968).”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 6

ÁR-516:025 heimild Skjólklettur huldufólksbústaður

“Skjólklettur: Bergbrún með stuðlum, vestan Langakletts, þar var skjólsælt fyrir búfé. Munnmæli hermu að Skjólklettur væri álfakirkja og “sannorðir” menn sögðust hafa heyrt þar söng.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 6

ÁR-516:026 örnefni Stekkjardalur stekkur

“Stekkjardalur: Hvilft vestan Dagmálahnúks, þar er nokkur gróður, úr honum kemur Hrafnagil.[...] Stekkjardalssnið: Brekkan norðaustur af Skjöldalsmúla.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 6, 7

ÁR-516:027 heimild tjaldstæði

“Torfeyrarflöt: Grasflöt á Torfeyri. Þar var tjaldað.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 7

ÁR-516:028 örnefni Torfeyri rista

“Torfeyrarflöt: Grasflöt á Torfeyri. Þar var tjaldað.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 7

ÁR-516:029 heimild áningarstaður
“Torfeyri: Eyri niður við Varmána á milli Dirgiralækjanna. Þar var um langt skeið löggiltur áningarstaður.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 7

ÁR-516:030 gata leið
“Varghóll: Hóll á eystri barmi Stórkonugils neðan gömlu götunnar, austan hans er gömul engjagata, [...]”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 7

ÁR-516:031 tóft fjárhús
“Varghóll: Hóll á eystri barmi Stórkonugils neðan gömlu götunnar, austan hans er gömul engjagata, norðaustan hans var sauðahús, sér fyrir tóft [...]”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 7

ÁR-516:032 örnefni Húsatorfur
“Húsatorfuhnúkur: Ávalur hnúkur vestan Stórkonugilsbotna. Skammt neðan við hann er girðingin. Húsatorfur: Sunnan hnúksins, mjög blásnar nú (G.S.). Hálfván Jónsson getur um þær í lýsingu sinni.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 8

ÁR-517 Reykir

67 2/3 hdr. 1706. Kirkjustaður. Skálholtskirkjufjörð. 1706 eru kirkjufjörðin Vellir í óskiptu landi Reykja, og auk þess hjáleigurnar Reykjakot, Reykjahjáleiga og Kross, sem síðar urðu sjálfstæðar jarðir. Þá nefnir jarðabókin eyðihjáleigurnar Engjagarð, Grændalsvöll og Litlu-Reyki. Reykjahjáleiga var lögð undir búíð 1931. 1963 var Skógrækt ríkisins falið að girða og friða landið til skógræktar í samvinnu við Garðyrkjuskólann.

1918: Tún 5,4 ha, slétt. Garðar 1736 m². “Landið er að mestu grösugar brekkur fjallsins og skjólsælar lægðir. Víða er þar jarðhiti og gleri snemma á vorin. Uppi á fjallinu eru blásnir melar, graslítið. Neðan fjallsins eru mýrar og holt og syðst engjalönd, voru blaut. Þar var góð torfrista sem allar jarðir Reykjatorfunnar áttu rétt til. Auk þess voru þar slægjur. Mótak var gott og notuðu fleiri en bændur á Reykjatorfu.” SB III, 356.

ÁR-517:001 bæjarhóll bústaður
“Bærinn á Reykjum stóð þar sem nú stendur geymsluhús Garðyrkjuskólans. Bæjardyr til suðurs og kálgarður sunnan undir bænum vestanverðum.”

Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Reykjatorfan, 8

ÁR-517:002 kirkja kirkja
“Austan bæjarins var kirkjugarðurinn, gengið var til kirkjunnar af hlaðinu frá vestri. Garðurinn var hlaðinn úr grjóti og torfi og vel gripheldur 1929. Sú girðing, sem nú er um garðinn, var gerð seinna og lögðu ýmsir, sem áttu þar ættingja í jörðu fé til, sér enn fyrir kirkjustæðinu og fáeinum leiðum.”

Heimildir: JAM II, 399; Ö-Reykjatorfan, 8

ÁR-517:003 heimild útihús
Heimild: Túnakort 1918

ÁR-517:004 heimild útihús
Heimild: Túnakort 1918

ÁR-517:005 heimild Engjagarður býli
1706: “Hjáleiga hefur hjer ein verið í engjatakmarki, nú í auðn í 20 ár og 6 ár, er kölluð

var Engiagardur, og hyggja menn verið mun hafa þar, þá byggð var, landskuld 1x álnir og kúgildi iii, er og víst að ei kann aftur að byggjast jörðinni að skaðlausu.”

Heimild: JÁM II, 400-401

ÁR-517:006 heimild Grændalsvöllur býli
1706: “Önnur hjáleiga kölluð Grændalsvöllur, byggð í fyrstu innan 20 ára, varaði sú byggð 4 ár; síðan hefur hún í auðn legið og brúkast nú fyrir stekkatún frá Reykjakoti, kann ei aftur byggjast nema jörðinni til skaða.”

Í örnefnalýsingu Reykjakots segir að heimildamaður telji Grændalsvelli [svo] hafa verið í Stekkatúni.

Heimildir: JÁM II, 401; Ö-Reykjakot, 4

ÁR-517:007 heimild traðir
“Af hlaðinu lágu traðir til suðausturs, sér enn fyrir og á götuna austur með fjallinu.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 8

ÁR-517:008 heimild Hesthúshóll hesthús
“Hesthúshóll: Lítill hóll gróinn austast í Austurtúni, norðvestan hans voru hesthús, sér enn fyrir.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 9

ÁR-517:009 örnefni Lambhúshóll lambhús
“Lambhúshóll: Lítill hóll í Austurtúni, sléttaður nú.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 9

ÁR-517:010 tóft Reykjarétt rétt
“Reykjarétt: Var í brekkunni upp undan Tumavelli, sér enn fyrir.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 9

ÁR-517:011 lind Kaldalind vatnsból
“Kaldalind: Köld uppspretta, suður af Geysi, notuð sem vatnsból. Þaðan var leitt vatn í bæinn 1929.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 9

ÁR-517:012 lind Volgalaug vatnsból
“Volgalaug: Volg uppspretta (40° heit) í gilinu við suðvestur horn stærsta gróðurhússins. Þangað var sótt allt neysluvatn frá Reykjum, þar til vatn var leitt úr Köldulind. Lindin (laugin) er nú hulin og vatnið notað í sundlaugina.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 10

ÁR-517:013 heimild leið
“Gata lá beint frá bænum og að Brunninum [Vulgulaug]”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 10

ÁR-517:014 örnefni Fjósatunga fjós
“Fjósatunga: vestan götunnar [517:013].”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 10

ÁR-517:015 heimild Tíðavað vað
“Tíðavað: Vað á Varmá rétt niður við beygjuna, þar sem áin beygir til austurs fyrir framan (sunnan) Ekrabarðið. Þegar komið var yfir ána á vaðinu var farið upp í endann á Ekrabarðinu og svo upp með laugalæknum. Sér ekki fyrir götu því að bakkinn hefur breyst. Lítið notað eftir 1902.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 10

ÁR-517:016 heimild Fossvað vað
“Fossvað: Vað fyrir ofan fossinn, þótti ófært vegna katla í klöppinni. Þegar aflstöðin við Ullarverksmiðjuna Reykjafoss var byggð 1902 fylltust katlarnir af framburði

árinnar og vaðið síðan almennt notað, þangað til brúin kom á ána fyrir neðan Tíðavað 1940.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 11

ÁR-517:017 örnefni Túngarðshver túngarður
“Túngarðshver: Hver undir bakkanum rétt hjá Skólastjórabústaðnum.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 11

ÁR-517:018 hver Túngarðshver
“Túngarðshver: Hver undir bakkanum rétt hjá Skólastjórabústaðnum. Það er að líkindum sá hver, sem saug í sig 20 álnir vaðmáls og spýtti því upp í einum hnút, að sögn Hálfðanar á Reykjum 1703. Þar var soðið kál í minnum mömmu minnar.” Í lýsingu Hálfðans segir: “Fimmti [hverinn] er fyrir vestan Reykjatún, hér um þriggja álna víður í kring, vellandi með hreinu vatni, hvor í sig sýgur tuttugu álna langt vaðmál rétt til enda og sendir það so aftur upp í einum böggli, þá hann gýs. Ei má því sleppa, því þá er óvíst hvort aftur næst.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 11, SSÁ, 243.

ÁR-517:019 heimild Hrútafígur leið
“Hrútafígur: Stígur (gata sauðkinda) upp á brúnina, sunnan Stigagils.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 11

ÁR-517:020 heimild Reykjastekkatún stekkur
“Stekkatúnshnúkur: Hnúkur í eggjunum norðan Stigagils. Reykjastekkatún: Grasbrekka og flöt innan (norðan) við Stigagilið, vestur af Stekkatúnshnúk.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 12

ÁR-517:021 heimild leið
“Murtumýri: Blautt mýrarsund austur og norðaustur af Baulufossi [...], norðvestur af Murtumýrarhrygg. Suðvestast í mýrinni er borhola, þar lá gata.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 12

ÁR-517:022 heimild Selgil sel
“Selgil: Gróið gil, kemur ofan af fjalli, fyrir norðan Gufudal, rennur í Sauðá fyrir norðan Búra. Selmýri: Mýrarblettur fyrir norðan Selgil, nær að Sauðá.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 13

ÁR-517:023 heimild Snið leið
“Snið: Götuslóðar suðvestan í Klóarfjalli, þar lá leiðin norður af Melunum.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 14

ÁR-517:024 heimild Litlu-Reykir býli
1706: “Þriðja hjábýli er almennilega kallað Litlu Reiker og skyldi legið hafa fyrir utan Varmá á Sandskeiði, hvort áðurteð býli eyðst skyldi hafa fyrir sandi að túnum og húsum, en land hennar lagt til Ossabæjar og engið til Öxnalækjar[...]”

Heimild: JÁM II, 401

ÁR-517:025 heimild Selfatir sel
“Sunnan við Súlufell er Laxárdalur. Suður af dalnum eru Villingavatnsbotnar. Framan við botnana er Klóarfell. Austan við það er Selfjall.[...] Austan undir Selfjalli eru Selfatir.”

Heimild: Ö-Hengill a, 2-3

ÁR-518 Reykjakot

Hjáleiga frá Reykjum 1706. 20 hdr. 1847. Fór í eyði 1967, en frá 1980 garðyrkjubýli á 3,3 ha og nefnist Reykjakot. Reykjakot II byggt 1947.

1918: Tún 8,2 ha, slétt. Gaðar 1282 m². “Reykjakot á sameiginlegt beutiland

með öðrum jörðum Reykjatorfunnar, enn fremur torfristu og móttak. Landið sem Reykjakot notaði mest voru tveir grösugir dalir. Þar voru slægjurnar. Víða í þessum dölum er jarðhiti og greri þar snemma á vorin. Mjög skjólsælt. Vetrararbeit góð ef snjór hamlar ekki." SB III, 357.

- ÁR-518:001** bæjarhóll bústaður
Heimild: Túnakort 1918
- ÁR-518:002** heimild útihús
Heimild: Túnakort 1918
- ÁR-518:003** heimild útihús
Heimild: Túnakort 1918
- ÁR-518:004** heimild útihús
Heimild: Túnakort 1918
- ÁR-518:005** heimild útihús
Heimild: Túnakort 1918
- ÁR-518:006** garðlag túngarður
"Vesturmúli: Hæðarhryggur vestan við túnið, gengur fram úr brekkunni, austan múlans er smágil, þar sjást leifar af túngarði."
Heimild: Ö-Reykjakot, 1
- ÁR-518:007** örnefni Fjósatunga fjós
"Fjósatunga: Hryggur upp af gamla bænum, austur við Gilið."
Heimild: Ö-Reykjakot, 1
- ÁR-518:008** örnefni Lambhúsballi lambhús
"Lambhúsballi: Túnið norðaustur af Selinu (Menntaskólaselinu)."
Heimild: Ö-Reykjakot, 1
- ÁR-518:009** örnefni Sauðhúsbarð fjárhús
"Sauðhúsbarð: Flötin, sem Selið stendur á nú."
Heimild: Ö-Reykjakot, 1
- ÁR-518:010** gata leið
"Austurmúli: Hæðarhryggur, lágur, áframhald Eggjanna. Yfir hann lágu götur, sér enn fyrir."
Heimild: Ö-Reykjakot, 1
- ÁR-518:011** heimild Torfvað vað
"Torfvað: Vað á ánni neðan við hraunhornið austan Króks."
Heimild: Ö-Reykjakot, 2
- ÁR-518:012** heimild leið
"Tjaldstaðabrún: Efst á Mosunum. Þar lá gata."
Heimild: Ö-Reykjakot, 2
- ÁR-518:013** heimild Krossselsstígur leið
"Krossselsstígur: Gömul gata sem lá upp á fjallið upp úr Nónbrekkunni."
Heimild: Ö-Reykjakot, 2
- ÁR-518:014** örnefni kvíar
"Kvíar: Gróin hlíð og lautir austan í Ástaðafjalli, norðan Þúfudals."
Heimild: Ö-Reykjakot, 3

- ÁR-518:015** heimild vörslugarður
 “Kvíar: Gróin hlíð og lautir austan í Ástaðafjalli, norðan Þúfudals. Þar var um eitt skeið nautagirðing.”
 Heimild: Ö-Reykjakot, 3
- ÁR-518:016** heimild Vallasel sel
 “Vallasel: Grasflöt neðan við brekkuna, frá Lækjum og að borholunni.”
 Heimild: Ö-Reykjakot, 4
- ÁR-518:017** heimild Hofmannaflöt fjárhús
 “Hofmannaflöt: Slétt flöt austan við lækinn, hærri. Þar var fjárhús í seinni tíð. Flötin slegin.”
 Heimild: Ö-Reykjakot, 4
- ÁR-518:018** heimild Stekkatún stekkur
 “Stekkatún: Grónar brekkur austan litla gilsins.”
 Heimild: Ö-Reykjakot, 4
- ÁR-518:019** tóft fjárhús
 “Stekkatún: Grónar brekkur austan litla gilsins. Þar voru sauðahús frá Reykjakoti, sér fyrir tóftum.”
 Heimild: Ö-Reykjakot, 4
- ÁR-518:020** örnefni Húsmúli
 “Húsmúli: Gróinn mói, var sleginn. Sú tilgáta er til, að bærinn Engjagarður [ÁR-517:005] hafi verið í Grænsdal. Má vera að þessi örnefni bendi á að þar hafi hann verið.”
 Heimild: Ö-Reykjakot, 5
- ÁR-518:021** heimild Grjótdalssnið leið
 “Grjótdalssnið: Stígur, sem lá upp úr Grjótdal og upp í Dalaskarð.”
 Heimild: Ö-Reykjakot, 6
- ÁR-518:022** heimild Ófærugil leið
 “Ófærugil: Vít gíl austan [Ófærugilshnúks]. Einnig nefnt Miðfossar: Austan þess lá gata upp í Grafning.”
 Heimild: Ö-Reykjakot, 6
- ÁR-518:023** heimild mylla
 “Engjamúlaflöt: Graslendið undir Engjamúla, frá Grændalsá (Þrengslum) og austur að Vesturmúla. Við brekkufótinn sér fyrir skurði. Í honum var leitt vatn úr Grændalsá í myllu, sem var við Vesturmúla.”
 Í örnefnalýsingu Ólafar Gunnarsdóttur segir: “Innan við [Múla] var lengi vatnsmylla og vatni veitt til innan úr Þrengslum.”
 Heimildir: Ö-Reykjakot, 7; Ö-ÓG, 2
- ÁR-518:024** heimild fjós
 “Grófin: Gróin laut upp frá ármótum. Þar var sumarfjós frá Reykjum [...]”
 Heimild: Ö-Reykjakot, 7
- ÁR-518:025** heimild fjárhús
 “Grófin: Gróin laut upp frá ármótunum. Þar var sumarfjós frá Reykjum og síðar fjárhús frá Völlum, nú ræktun frá Gufudal.”
 Heimild: Ö-Reykjakot, 7
- ÁR-518:026** heimild Hverastígur leið
 “Hverastígur: Gatan yfir Austurmúlan.”
 Í örnefnalýsingu Ólafar Gunnarsdóttur segir: “Hverastígur (gata) lá að hver við Sauðá,

þar [var] þvegið stundum, horfinn nú.”
Heimildir: Ö-Reykjakot, 7; Ö-ÓG, 6

ÁR-518:027 heimild Hrutastígur leið
“Hrutastígur: Graštó norðan Háeggja upp úr Gilinu austan hveranna.”
Í örnefnalýsingu Ólafar Gunnarsdóttur segir: “Farið upp Gilið og fast uppi við Háeggjar og upp fyrir þær að norðan.”
Heimildir: Ö-Reykjakot, 7; Ö-ÓG, 2

ÁR-518:028 heimild leið
“Sauðatindar: Hnúkaröð suður frá Suðarhnúk, með Sauðá. Vestan þeirra lá gata.”
Heimild: Ö-Reykjakot, 7

ÁR-518:029 heimild leið
“Melar: Langur melhryggur nær frá Tindunum og inn í Kló. Um melana lá gata upp í Grafning.”
Heimild: Ö-Reykjakot, 7-8

ÁR-518:030 heimild Engjavað vað
“Engjavað: á Grændalsá neðan við Engjamúla.”
Heimild: Ö-ÓG, 2

ÁR-518:031 heimild fjárhús
“Fláar: brekkurnar sauðaustan í Dalafelli niður að Grædalsá og Hofmannafliot, með holum og giljum. Í þeim voru sauðahús frá Reykjakoti.”
Heimild: Ö-ÓG, 3

ÁR-518:032 heimild leið
“Mosar: brekkurnar upp [úr Árhólmum] sunnan við Svartagljúfur. Alfaraleiðin frá Reykjum og Reykjakoti lá þar upp.”
Heimild: Ö-ÓG, 5

ÁR-518:033 heimild Tæpistígur leið
“Tæpistígur: gata undir hraunbrún og gil með kletti á hina höndina.”
Heimild: Ö-ÓG, 5

ÁR-518:034 örnefni Tjaldstaðir tjaldstæði
“Tjaldstaðir: flatirnar efst og nyrzt á vellinum, þar er nú girt.”
Heimild: Ö-ÓG, 5

ÁR-518:035 heimild smalakofi
“Smalaskáli: hóll á Vellinum vestur frá veginum.”
Heimild: Ö-ÓG, 5

ÁR-518:036 heimild áveita
“[...] gamall maður mundi þá tíð er þar [á eyrinni niður frá Reykjakoti] var grjót og áin gekk þar yfir í flóðum og svarf upp í bakka. Síðan hefur áin og brotið mikið úr bakkanum niður af gróðurhúsunum. Um skeið - áður- var henni veitt fast við Völlinn og beint niður á flúð.”
Heimild: Ö-ÓG, 5

ÁR-518:037 hver þvottastaður
“Hverastígur (gata) lá áður að hver við Sauðá, þar [var] þvegið stundum, horfinn nú.”
Heimild: Ö-ÓG, 6

ÁR-518:038 hver Eldholskver þvottastaður
“Hverastígur (gata) lá áður að hver við Sauðá, þar [var] þvegið stundum, horfinn nú. Annars þvegið í Eldholshver hjá Baulufossi að austan.

Heimild: Ö-ÓG, 6

ÁR-518:039 tóft Ærhús fjárhús
“Ærhús: tóftir við Frammýri.”
Heimild: Ö-ÓG, 6

ÁR-518:040 örnefni Sauðhús fjárhús
“Sauðhús: Sauðhúsbarð innan við Grændalsá - var hjáleiga. Reykjakotshjáleiga, óvist hvar.”
Heimild: Ö-ÓG, 7

ÁR-519 Reykjahjáleiga

Hjáleiga frá Reykjum 1706. 10 hdr. 1847. Lögð undir Reyki 1931.

1918: Tún 3,8 ha, slétt. Garðar 728 m². 1932: Tún 5 ha. “Bærinn stóð austast í túninu á Reykjum. Notaði mest landið suðaustur frá bænum. Mjög skjólsælt var þar í brekkunum. Átti sameiginlegt beitiland með öðrum jörðum á torfunni, einnig torfristu og mótak í landi Reykjatorfunnar og ákveðið slægjustykki í engjunum.” SB III, 359.

ÁR-519:001 bæjarhóll bústaður
“[Bærinn í Reykjahjáleigu stóð] undir Neðra-Dekkinu, neðst á þurrlendinu. Bæjardyr sneru til suðvesturs [...]”
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Reykjatorfan, 8

ÁR-519:002 heimild útihús
Heimild: Túnakort 1918

ÁR-519:003 lind Lindin vatnsból
“Bæjardyr sneru til suðvesturs og kálgarður var í bæjarskjólinu og náði hann niður að Lindinni. [...] Reykjahjáleigulind: (Lindin) Vatnsmikil uppspretta, suðvestur af bænum, var vatnsbólið. Vatn er leitt þaðan í Hveragerði.”
Heimild: Ö-Reykjatorfan, 8, 9

ÁR-520 Kross

Hjáleiga frá Reykjum 1706. 10 hdr. 1847.

1918: Tún 3,4 ha, 2/3 slétt. Garðar 874 m².
“Bærinn stendur á mótum mýrar og engja, suðaustast í landi Reykjatorfu. Á sameiginlegt beitiland, mótak og torfristu með öðrum jörðum torfunnar.” SB III, 363

ÁR-520:001 bæjarhóll bústaður
“Bærinn í Krossi stendur suðaustan undir Krossklettum. Bærinn stóð áður þar, sem fjósið og heyhlaðan er nú, en íbúðarhúsið er austar.”
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Reykjatorfan

ÁR-520:002 heimild útihús
Heimild: Túnakort 1918

ÁR-520:003 heimild útihús
Heimild: Túnakort 1918

ÁR-520:004 heimild útihús
Heimild: Túnakort 1918

ÁR-520:005 garðlag Náthagi vörslugarður
“Votiteigur: Mýrin neðan (vestan) Krosskletta. Í klettunum og Votateig var girtur blettur, Náthagi.”
Heimild: Ö-Reykjatorfan, 2

ÁR-520:006 heimild leið
“Klifíð: Gróin laut, milli gamla og nýja þjóðvegarins, þar var gata fyrrum í Klifklettunum.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 2

ÁR-520:007 heimild fjárhús
“Vörðuhóll: Lítil hóll syðst í Framtúni. Hjá honum stóðu fjárhús, sem Jón Jónsson byggði.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 2

ÁR-520:008 heimild Móholt mógrafir
“Móholt: Lágt holt, gróið, suðaustur af bænum, norðaustur af Vörðuhól. Þar var þurrkaður mór, nú ræktað.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 2

ÁR-520:009 heimild Krossmóvöllur mógrafir
“Krossmóvöllur: Mótak var í mýrinni norðaustur af Móholtinu. Þar var oft tekið mikið af mó, fleiri tóku þar mó en bóndinn í Krossi. Sást fyrir mógröfunum til 1971 að nýi þjóðvegurinn var gerður.”

Heimild: Ö-Reykjatorfan, 2

ÁR-711 Kolviðarhóll

Bú var fyrst reist á Kolviðarhóli 1883 og hafin túnrækt skömmu síðar. 1895 fékkst formlegt leyfi til stofnunar nýbýlis. Landið er þurrlendir vellir og grasbrekkur í fjallshlíðum. Það liggur um 300 m yfir sjó og var búskapurinn erfiður. Kolviðarhóll fór í eyði 1965. SB III, 355.

ÁR-711:001 heimild bæjarhóll
“[Vorið 1883] sezt líka að á Kolviðarhóli Jón bóndi frá Stærribæ í Grímsnesi. Byggði hann sér bæ framan í hólnum.”

Heimild: SK, 3

ÁR-711:002 heimild útihús
“1910 voru tvö hús á Hólnum, timburhús og steinhús, þar að auki næg búpeningshús.”

Heimild: SK, 5

ÁR-711:003 þjóðsaga Jórukleif tröll
“[Jóra í Jórukleif] er nefnd í Bárðar sögu Snæfellsáss þegar hún veislu Hítar tröllkonu í Hundahelli í Hítardal ásamt fleiri tröllum.[...] Í yngri sögnum er hennar þegar getið hjá Jóni lærða á 17. öld og í lýsingu Ölfushrepps frá 1703. Eftir þeim hét hún Jórunn og var bóndadóttir í Sandvíkurhreppi í Flóa. Stóðhestur föður hennar fór halloka í hestaati. Jórunn reif þá læri undan hinum víghestinum, hljóp upp með Ölfusá, stiklaði yfir hana hjá Selfossi og mælti um leið: Mátulegt er meyjastig/mál mun vera að gifta sig. Heitir þar síðan Jóruhlaup eða Tröllkonuhlaup. Jóra hélt áfram austan Ingólfsfjalls og upp hamragil í Grafningi sem síðan heitir Jórukleif. Þar sat hún fyrir ferðamönnum, rændi þá eða drap. Tókst byggðarmönnum ekki að ráða hana af dögum fyrr en kóngur í Noregi kenndi ungum manni að koma að henni á hvítasunnumorgun því þá svæfu allar meinvættir.”

Heimild: ÁB.

ÁR-711:004 heimild Nautastígur leið
“Inn í útsuðurhlíð Hengilsins gengur Engidalur. Er hann á milli Marardals og Húsmúlans. Í Engidal er Nautastígur.”

Heimild: Ö-Hengill a,2

ÁR-711:005 gata Hellurnar leið

“Austur frá Reykjafelli eru Hellurnar, eru þær sléttar klappir, liggja yfir þær djúpar götur eftir hestafætur. Sanna göturnar að yfir þessar sléttu klappir hefur umferð verið allt frá fyrstu byggð hér á landi.”

Heimild: Ö-Afr.Ölf. 8

ÁR-711:006 heimild Skálholtsmannavegur leið

“Eins og kunnugt er, liggur alfaravegur frá Skálholti út yfir Spóastaðaferjustað; svo liggur hann fyrir norðan Mosfellsfjall, út yfir Grímsnesið milli Apavatns og Þóroddsstaða, svo út yfir austanverða Lyngdalsheiði og um Gjábakkahraun til Þingvalla. Þessi vegur er enn tíðkaður. En út af honum liggur annar vegur, sem nú er aflagður fyrir löngu. Hann er kallaður Skálholtsmannavegur. Hann hefst nálægt Stangarlæk, sem er milli Mosfellsfjalls og Neðra-Apavatns, liggur til norð-vesturs yfir í Lyngdal, þá sunnan undir Hrólfsbólum vestur í Hrólfsdal (sem hvorutveggja er sunnan í Lyngdalsheiði), þá vestur að norður horni Búrfellsfjalls og norðan undir því og kemur að Soginu þar, sem það fellur í Úlfljótsvatn. Sér enn glögt til þessa vegar alstaðar þar, sem hann er ógrafinn og óblásinn. Eru þar víða mjög margar götur og djúpar, en þó grónar að mestu. Framhald þessa vegar liggur út yfir Grafninginn milli Villingavatns og Ölfusvatns; er hann víða glöggur í Ölvatnsvelli. Svo liggur hann suður á fjall, þar sem heitir “Milli hrauns og hlíðar”, og ofan á Bolavelli um Hellisskarð. Sú er sögn um þennan veg, að Skálholts vinnumenn, þeir er fluttu aðdrætti staðarins frá Faxaflóa, Suðurnesjum og Grindavík, hafi ávalt farin hann, og átt því flutning yfir Sogið frá Kaldárhöfða. Fyrir sunnan skiftust vegir þeirra nálægt Elliðavatni. Grindavíkurléið lá fram með Undirhlíðum til Þjóðveggarins í Krýsuvíkurbálsum, en aðrar leiðir lágu svo, sem enn tíðkast. Er sagt að sömu menn hafi haft alla þessa flutninga á hendi það og það sumarið; hafi þeir farið “selflutning”, sem kallað er, austur að Soginu, flutt farangurinn austur yfir og borið hann í geymsluhús, sem staðurinn átti austanmegin ferjustaðarins. Sér enn rúst þess. Svo hafi þeir jafn harðan farið aftur suður yfir fjall, og haldið þannig áfram hverja ferðina eftir aðra, þar til allir aðdrættir voru komnir í geymsluhúsið. Þaðan voru fengin flutt heim og þá farinn Skálholtsmannavegur, sem hér að framan er skýrt frá.”

Heimild: Árb. 1905, 48.

ÁR-711:007 heimild Hellisheiði leið

“Hinn forni vegur yfir fjallgarðinn milli Ölfuss og Mosfellssveitar lá af Kambabrún sjónhending í skarðið milli vesturenda Skarðshlíðar og norðurenda Reykjafells. Lá vegurinn þar niður af Hellisheiði um Hellisskarð, yfir Bolavelli, vestur með Húsmúla, niðuri Norðurvelli með norðurbrún Svínahrauns hjá Lyklafelli, og var þá komið í byggð hjá Helliskoti í Mosfellssveit. Á þessari löngu leið voru sama sem engar vörður. Austast á Hellisheiði voru vörðubrot og önnur vörðubrot vestast á heiðinni.”

“Vegir hafa legið yfir Hellisheiði frá ómunatíð. Gata lá upp Kamba, yfir Hurðará og í stefnu á Gíga ofan við Hellisskarð. Í klöppum á þeirri leið eru víða djúpar götur, gengnar á liðnum öldum. Síðar var lagður upphlaðinn vegur, kenndur við Eirík í Grjóta, sömu leið.” “Það mun hafa verið nálægt 1880-1881, að Eiríkúkur Ásmundsson í Grjóta [...] lagði steinilagðan veg um Kamba, yfir allar hæðir og lautir, svo að hann yrði þráðbeinn. Vegna brattans víðast hvar og þess, að ekkert var borið ofan í veg þennan, var hann sjaldan eða aldrei farinn, en sumarið 1894 var upphleypti vegurinn yfir Kamba lagður, og var hann krókóttur mjög og aðeins ætlaður gangandi mönnum og ríðandi, svo og vagnhestum [...]. Eystri hluti vegarins yfir Hellisheiði var lagður sama árið sem Kambavegurinn [...] en vegurinn yfir vestari hluta heiðarinnar var lagður árið áður [...].”

“Lestamannaleið úr Flóa til Reykjavíkur. 1. Frá Þjórsá að Laugardælum, nálega 17 km. 2. Frá Laugardælum eða Kotferju að Torfeyri, austan Varmár, nálega 10 km. 3. Frá Kolviðarhóli að Fóelluvötnum, norðan Sandskeiðs og sunnan Lyklafells, nálega 7 km. [...] “

Heimildir: SK, 1; Ö-Hellisheiði, 1; Austantórir II, 131-2; 148

ÁR-711:008 heimild túngarður

“Jón fór nú að græða tún og girti með grjótgarði.”

Heimild: SK, 4

ÁR-711:009 heimild sæluhús
1703: “Á norðanverðum Hvannavöllum, er strax taka til fyrir neðan skarðið, stendur Sæluhús (ei langt frá veginum) so kallað, hvort allt þessa tíma Ölves innbyggjarar hafa upp haldið, vegfarandi fólki harla nauðsynleg á vetrartímanum til innivistar. Er og lofsvert, að þetta sæluhús ei niður falli.”

“Í ekkert hús var að venda [á leiðinni yfir Hellisheiði] nema smákofa, er var í Svínahraunstöglum, sem ganga út á Norðurvellina. Kofi þessi var illa ræmdur fyrir draugasögur, og mynduðust meðal manna hinar fátánlegustu sögur um kofa þennan; munu nú flestar þessar draugasögur gleymdar. [...] Árið 1845 var nú kofinn í Svínahrauni fluttur upp á Kolviðarhól.”

“Norður af Bolavöllum vestarlega mun enn sjást votta fyrir hústóft einni. Var þar húskofi nokkur eða sæluhús, hið eins skýli, er til var vestan Hellisheiðar þar efra, og hæð sú, er sæluhús þetta stóð á, hinn svonefndi Húsmúli, er virðist hafa hlotið nafn þetta vegna sæluhúss þessa. En það sýnir, að það hefur staðið þarna langan tíma áður [...]”

“Þar sem norðaustur horn Svínahrauns nær næst Húsmúlanum er tjörn í bilinu. Hún heitir Draugatjörn. Austan við tjörnina er lítil rúst á litlum hól. Þar stóð Sæluhúsið við Húsmúlann frá fornu fari farm til 1844, að það var flutt upp á Kolviðarhól, vegna draugasögu meðal annars.”

Heimildir: SSÁ, 239; SK, 1-2; Sæluhúsin á Suðurleið, 143; Farfuglinn (19)1, 15

ÁR-711:010 örnefni Húsatorfuhnúkur
“Suður frá [Lambhagaskarði] er Lambhagahnúkur syðri. Vestur frá honum er Húsatorfuhnúkur.”

“Vestur frá [Lambhagahnúk syðri] er Húsatorfuhnúkur.”

Heimild: Ö-Hengill a, 3; Ö-Hengill, 3.

ÁR-711:011 heimild Selás sel
“Norður frá Sognum eru Sognsbotnar. Austur frá þeim er Selás og Hlíðardalur.”

Heimild: Ö-Hengill.a.3

ÁR-711:012 heimild Kolviðarhóll sæluhús
“[...] sumarið 1844 var nýtt sæluhús sett á Kolviðarhóli undir Hellisskarði. Hús þetta er að öllu leyti tréhús, en stendur í álnar hárrí grjóttópt til beggja hliða og fyrir apturgafli. Það er þvínær 9 álna langt og 4 álna breitt, í þremur stafgólfum og portbyggt; þak, gaflar og hliðar tvöfalt niður fyrir bita; lopt er í öllu húsinu og hurð fyrir og stigi til uppgaugu; glergluggar uppi og niðri og jarnrimlar fyrir rúðum niðri; gólfíð af tvílóðu hellugrjóti. Á framgafli er hurð, sem geingur út og verður ekki tekin af hjörum, með loku fyrir sem skjóta má frá og fyrir bæði að innan og utan. Í húsi þessu hafa verið í einu 24 menn á loptinu en 16 hestar niðri.”

Heimild: Reykjavíkurbóstur 1847,8, bls.115

ÁR-711:013 heimild Smiðjulaut
“Suður af Reykjafelli er laut fast við veginn, er heitir Smiðjulaut. Þetta nafn er ungt. Þegar vegurinn var lagður yfir Hellisheiði, var byggður kofi í lautinni, þar voru verkfæri vegargjörðarmanna endurbætt.”

“Skammt fyrir austan Reykjafell er lægð sunnan við veginn. Hún heitir Smiðjulaut. Þar stóð smiðja meðan vegurinn var lagður þar nálægt, upp úr 1890.”

Heimildir: Ö-Afr.Ölf.9; Ö-Hellisheið,1

ÁR-711:014 heimild Kolviðarhóll sæluhús
“[Nýtt hús á Kolviðarhóli var] fullgjört 1878. Húsinu er lýst þannig: Tvö herbergi niðri og annað með ofni, ennfremur eldhús með suðuvél. Uppi tvö herbergi, annað til geymslu, en hitt fyrir ferðamenn.”

Heimildir: SK, 3

ÁR-711:015 heimild Lágaskarðsvegur leið
“Norður af Lambafellshrauni er Lambafell, sunnan við það er Stakihnúkur, er hann hjá Lágskarði. Eftir skarðinu liggur Lágaskarðsvegur.”
Heimild: Ö-Afr.Ölf.9

ÁR-711:016 heimild mógrafir
“Mótak fann [Jón Jónsson] í gilskorningi við austurenda Húsmúlans.”
Heimild: SK, 4

ÁR-711:017 heimild túngarður
“[Guðni Þorgerðsson fór að búa á Kolviðarhóli 1895.] Stækkaði [hann] túnið og afgirti stórt land undir suðurhlíð Húsmúlans.”
Heimildir: SK, 5

ÁR-711:018 heimild rétt
“Sunnan við Neðraskarð er Reykjafell, norðan í því er Dauðidalur, í honum er fjárrétt.”
Heimild: Ö-Kolviðarhóll,12

ÁR-711:019 heimild Milli hrauns og hlíðar leið
“[Orustuhólshraun] er sunnan undir Stóra-Skarðsmýrarfjalli. Austur með fjallinu er vegurinn milli Hrauns og hlíðar.”
“[Gata er] út frá gamla veginum ofan við Hellisskarð, austur í Fremstadal og áfram austur í Grafning. Þessi leið heitir Milli hrauns og hlíða.”
Heimildir: Ö-Kolviðarhóll,12; Ö-Hellisheiði,1

ÁR-711:020 heimild Lákastígur leið
“Yfir Lágaskarðsveginn liggur Lákastígur.”
Heimild: Ö-Kolviðarhóll,13

ÁR-711:021 örnefni Biskupslaut áningarstaður
“Ofarlega í Kömbum er Biskupslaut. Sagt er að Hallgrímur biskup hafi áð í lautinni og í gamni nefnt lautina þessu nafni.”
Heimild: Ö-Reykjanesfjallgarður, 5

ÁR-711:022 örnefni Sognseldalur sel
“Suður frá [Stórkonugilsbotnum] er Sognseldalur og Gljúfurseldalur.”
Heimild: Ö-Hengill, 3

ÁR-711:023 heimild rétt
Í Sturlungu segir: “[...] þau misseri börðust menn að réttum í Flóa suður[...]”
“Fyrir austan Skarðsmýrarfjöllin er kallaður Orustuhóll og þó fyrir vestan ána, er úr Hengladölum fram rennur. Þar undir hrauninu sjást enn í dag glögg merki til fjárrétta, er menn heyrt hafa brúkað hafi í fyrri tíð Ölves innbyggjarar og Suðurnesjamenn, þá saman og til afréttarins hvorutveggja rekið höfðu, og hafi á milli þessara óeining komið, hvar af Orustuhóll mun nafn sitt draga.” segir Hálfðan Jónsson í lýsingu sinni.
“Austan undir hrauninu er Orustuholl. Gömul sögn segir, að á þessum slóðum hafi verið sundurdráttarétt. Áttu réttarmenn að hafa orðið missáttir og barist á hólnum. Engin mannvirki sjást þar nú.” segir í örnefnalýsingu. Kolbeinn Guðmundsson telur sig hafa fundið þessar gömlu réttir eftir lýsingu Hálfðanar:
“Réttirnar hafa verið fast við hólinn suðvestanverðan. Hefir þar verið að miklu leyti sjálfgert aðhald. Hóllinn annars vegar og hraunbrúnin hins vegar. Hvort tveggja snarbratt, svo að lítið hefir þurft að hlaða. Réttunum hefir verið skipt í tvennt. Vestari hlutinn talsvert minni. Dilkar hafa ekki verið eins og nú tíðkast í réttum. Aðaldyr snúa í austur, og hafa þær verið um 2 faðmar að vídd.”

Heimildir: SSÁ, 240; Ö-Reykjanesfjallgarður,4; Sturlunga saga I,106; GR II,310.

ÁR-711:024 heimild Hellukofi sæluhús

Friðlýstar minjar

“Á stórri klöpp vestarlega á heiðinni var stór varða sem hét Biskupsvarða. Nálægt 1830 var byggður borghlaðinn kofi, um 2 m í þvermál að innan á sömu klöppinni. Hann stendur ennþá og er nefndur Hellukofi, enda byggður úr hraunhellum eingöngu, veggir og þak.”

Heimild: Ö-Hellisheið,1; Fornleifaskrá, 77

ÁR-711:025 heimild Hveradalaföt áningarstaður

“Í litlum hvammi rétt ofan við Skíðaskálann eru Hverar þeir sem dalirnir eru við kenndir. Móts við þá er allstór grasflöt sem nær að Lakahnúkum. Hún heitir Hveradalaföt. Þar áðu ferðamenn hestum sínum áður en þeir lögðu á Hellisheiði, og er þeir komu af heiðinni.”

Heimild: Ö-Hellisheiði,2

ÁR-711:026 heimild leið

“Þá var og önnur leið norðar, frá Húsmúla, vestan Kolviðarhóls, norðan Svínahrauns, að Lyklafelli, norðan Geitháls, sunnan Miðdals að Gröf og síðan yfir Elliðaár neðan Árbæjar.”

“Alfaravegurinn gamli: Kolviðarhóll-Reykjavík. Frá Kolviðarhóli, yfir Bolavelli að Húsmúla (sæluhúsi). Frá Húsmúla, yfir Norður-Velli að Bolöldum ofan Sandskeiðs. Frá Bolöldum, yfir Svínahraunstögl norðarlega, norðan Lyklafells. Frá Lyklafelli, fyrir sunnan Klakk, þá um Klettabelti að Vörðuhólum [...].”

Heimild: Austantóru II, 148

ÁR-711:027 heimild rétt

“Ei alllangt frá Engidal eru almennar nautaréttir Ölvesinga og Kjalarnesþingsmanna, er árlega haldast þann þriðja dag októbris mánaðar, ef ei er helgur, annars næsta dag fyrir.”

“Nauta- og sauðaafréttur liggur vestan og norðan Hellirsheiði, sameiginlegur við Grafningsmenn. [...] nautaréttir [eru haldnar] þriðjudaginn í 23. viku sumars í Márdal undir Hengli.” Réttirnar lögðust niður laust fyrir 1860.

Heimildir: SSÁ, 239; SSÁ, 203; GR II, 306

ÁR-711:028 þjóðsaga Búasteinn sögustaður

“Upp í hnúknum fyrir norðan fyrrnefnt Hellirsskarð er sá stóri steinn einstakur, er Búasteinn kallast, við hvörn stein varðist Búi Esjufóstri, sem saga hans til vísar.”

“Um það bil í miðri heiðarbrekkunni til vinstri, nokkuð hundruð fet uppi er stór tenginslaga steinn; þetta er Búasteinn. Er hann settur í samband við frásögn Kjalnesinga sögu (38 o.áfr.), þar sem Búi, þegar hann kom niður og Öxnaskarði og sá fyrirsát Kolfinns, reið að stórum steini, sem stóð undir skarðinu, "svo mikill sem hamar, mátti þá framan at eins at honum ganga, og varði sig þar.”

Heimildir: SSÁ, 239; Kjalnesinga saga, 80-82; KK, 47

ÁR-711:029 heimild Sleggjubeinsdalir áningarstaður

“Fyrir sunnan Húsmúlann, er liggur í útsuður undan Hengilsfjallinu, en fyrir norðan Hellirsskarð, liggja Sleggjubeinsdalir. Þar er náttstaður vesturleitarmanna úr Ölvesi, þá afréttinn á haustin leita.”

Heimild: SSÁ, 239

ÁR-711:030 heimild Húsmúlarétt rétt

Húsmúlarétt við Draugatjörn.

ÁR-711:031 heimild rétt

“Eftir bardagann í Orusturhólsréttum áttu Ölfusingar og Mosfellssveitarmenn að hafa skilið félag sitt um fjalleitir, og fluttu þá Ölfusingar réttir sínar austur á heiðina, austur fyrir Hengladalaá. [Árið 1878 var fé rekið inn í Hengladali] Var riðið fram Smjörþýfi og fram með Hengladalaánni, og sýndi þá gamall maður, er í förinni var, okkur yngri

rekstarmönnum þessar réttir. Sást þá vel fyrir þeim, bæði almenning og idlkum, þótt djúp skörð væru hrunin í vegg. Sumir dilkanna voru allstórir, gerði ekkert, almenningsdyr sneru á Hengil. Sennilega hefir Ölfusingum þótt afundið að hafa lögréttir sínar uppi á fjalli, og voru því réttirnar færðar undir Ingólfsfjall að Hvammi þegar fyrir 1700.”

Heimild: GR II, 302

ÁR-711:032 heimild Brúnkollublettur nyrðri áningarstaður
“Vestur Ölkelduháls liggja hreppamörki milli Ölfushrepps og Grafnings. Þar er Brúnkollublettur nyrðri á mörkum hreppanna, áningarstaður ferðamanna, sem fóru leiðina milli Hrauns og hlíða.”

Heimild: Ö-Ölfusvatn-a, 4

ÁR-711:033 hellir áningarstaður
“Nokkrir hellar eru hingað og þangað í berginu umhverfis [Marar-] dalinn. Allir eru þeir nokkuð hátt uppi í hömrnum. Enginn þeirra er stór, en í flestum þeirra sjást einhver mannaverk: hleðslur, ártöl, fangamörk o.þ.h. Einn þessara hella er skammt frá götunni, sem liggur inn dalinn. Hann var notaður fyrir skýli handa réttamönnum. Fyrir framan hann hefir verið hlaðinn garður til skjóls. En líklega hefir hleðslan aldrei náð fast upp að berginu, enda hefir þess ekki þurft, því að þótt auðvelt sé fyrir menn að komast upp í hann, þá er hann svo hátt uppi, að nautin hafa ekki gert mönnum þar ónæði.”

Heimild: GR.II, 306

ÁR-711:034 þjóðsaga Kolviðarhóll legstaður
“Almenn sögn segir, að í þessum hól sé heygður Kolfinnur, sem nefndur er í Kjalnesinga sögu.”

Heimild: KK,47

6. Heimildir

- ÁB: Íslenskt vættatal. Árni Björnsson tók saman. Rv. 1990.
- Björn Bjarnason (1903): *Sagnakver* II. Ísafirði.
- Brynjúlfur Jónsson (1899): 'Rannsókn sögustaða í Grafningi í maímán. 1898.' *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1899*: 1-5.
- Brynjúlfur Jónsson (1906): 'Rannsókn í Árnesþingi sumarið 1904.' *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905*. 1-51.
- DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI, Kh. og Rv. 1853-1976.
- Einar Arnórsson (1950): *Árnesþing á landnáms- og söguöld*, Rv. Farfuglinn. Tímarit bandalags íslenzkra farfugla. 19(1). 1975.
- FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*, Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Rv. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Ágúst Ó. Georgsson tók saman, Rv 1990.
- GR: *Göngur og réttir* I-V, Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar, 2. útgáfa, Akureyri 1983-87.
- Gráskinna hin meiri* I. Sigurður Nordal og Þórbergur Þórðarson gáfu út. Rv. 1979.
- Guðmundur Ólafsson (1991): *Könnun á vegarstæði í landi Ölfusvatns. Rannsókn 20. nóvember 1989*. Rv.
- ÍF: *Íslenskt fornrit*, Rv 1933-.
- Íslensk bókmenntasaga* II, Rv. 1993.
- Íslenskir sagnapættir og þjóðsögur* VII. Safnað hefir Guðni Jónsson. Rv. 1948.
- JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-11, Kh. 1913- 43; 12-13 Rv. 1990.
- JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.
- Jón Pálsson (1946) *Austantórir* II. Guðni Jónsson bjó undir prentun. Rv.
- KK: Kristian Kaalund: *Bidrag til en topografisk-historisk Beskrivelse af Island* I-II, Kbh 1877-82.
- Orri Vésteinsson (1996): *The Christianisation of Iceland. Priests, Power and Social Change 1000-1300*, [óutg. doktorsritgerð við Lundúnaháskóla].
- SB: *Sunnlenskar byggðir* III. Selfoss, 1983.
- Sigurður Vigfússon (1881): 'Rannsókn á hinum forna alþingisstað Íslendinga, og fleira, sem þar að lýtr.' *Árbók 1880-1881*: 8- 52.
- SK: *Saga Kolviðarhóls* eftir Þorstein Bjarnason frá Háholti. [án ártals] Örnefnastofnun.
- SSÁ *Árnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfán Jónsson*, Rv. 1979.
- Sturl: *Sturlunga saga*, Rv. 1988.
- Ö-Afr.Ölf: Afréttur Ölfushrepps. Örnefnaskrá eftir handriti Þorsteins Bjarnasonar frá Háholti. [áartal vantar] Örnefnastofnun.
- Ö-Hagavík: Örnefnaskrá Hagavíkur. Guðmann Ólafsson skráði 1983. Örnefnastofnun.
- Ö-Hagavík. viðb.: Viðbætur við örnefnaskrá Hagavíkur skráðar eftir Guðrúnu Kristínu Magnúsdóttur 1983. Örnefnastofnun.
- Ö-Hellisheiði: Hellisheiði. Örnefnaskrá eftir Eirík Einarsson. 1968. Örnefnastofnun.
- Ö-Hengill.a.: Hengillinn og fjallgarðurinn kringum hann. Skráð hefur Þorsteinn Bjarnason frá Háholti. [Áartal vantar]. Örnefnastofnun.
- Ö-Kolviðarhóll: Helstu örnefni í nágrenni Kolviðarhóls. Örnefnastofnun.
- Ö-Krókur.a.: Örnefnaskrá Króks. Guðmundur Jóhannsson skráði 1970. Örnefnastofnun.
- Ö-Krókur.b.: Örnefnaskrá Króks. Guðmundur Jóhannsson skráði. 1974.
- Ö-Krókur. aths. og viðb. : Athugasemdir og viðbætur við Örnefnaskrár Króks skráðar eftir Guðmanni Ólafssyni 1982. Örnefnastofnun.

- Ö-Nesjar: Örnefaskrá Nesja. Jónína Hafsteinsdóttir skráði 1980, og bætti við
eldri skár Guðmundar Jóhannsonar. Örnefnastofnun.
- Ö-Nesjar. aths. og viðb.: Örnefnaskrá Nesja. Athugasemdir og viðbætur skráðar
eftir Guðmanni Ólafssyni 1982. Örnefnastofnun.
- Ö-Nesjavellir.a.: Örnefnaskrá Nesjavalla. Guðmundur Jóhannsson skrifaði 1949 eftir
skrá Sigurðar Jónssonar. Örnefnastofnun.
- Ö-Nesjavellir.b.: Örnefnaskrá Nesjavalla. Jóhann Hannesson skráði 1970.
Örnefnastofnun.
- Ö-Nesjavellir. aths. og viðb.: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá
Nesjavalla skráðar eftir Guðmanni Ólafssyni 1982. Örnefnastofnun.
- Ö-ÖG: Örnefni í Reykjakoti, skráð eftir Ólöfu Gunnarsdóttur. Handrit Pálma
Hannessonar frá 1966. Örnefnastofnun.
- Ö-Reykjanesfjallgarður: Reykjanesfjallgarður austan sýslumarka. [áartal
vantar]. Örnefnastofnun.
- Ö-Reykjakot: Örnefnaskrá Reykjakots. Þórður Ögmundur Jóhannsson skráði 1967.
Örnefnastofnun.
- Ö-Reykjatorfan: Örnefnaskrá Reykjatorfunnar. Þórður Ögmundur Jóhannsson skráði
1971. Örnefnastofnun.
- Ö-Úlfljótuvatn: Örnefnaskrá Úlfljótvatns. Örnefnastofnun.
- Ö-Villingvatn: Örnefnaskrá Villingavatns. Þorgeir Magnússon skráði. 1970.
Örnefnastofnun.
- Ö-Ölfusvatn.a.: Örnefnaskrá Ölfusvatns. Guðmann Ólafsson skráði 1982.
Örnefnastofnun.
- Örn-ÖHK: Örnefnaskrá Ölfusvatns, Hagavíkur og Króks. Sveinn Benediksson
skráði eftir Sæmundi Gíslasyni 1967. Örnefnastofnun.
- Örn-ÖHK. aths. og viðb.: Athugasemdir og viðbætur við Örn-ÖHK. Skráðir
eftir Guðmanni Ólafssyni 1982. Örnefnastofnun.